

Samsteypt þýðing fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Birt í febrúar 2021 með fyrirvara um villur. Á vef Stjórnartíðinda ESB má nálgast tímabundna rammann frá [19. mars 2020](#) á frummálum, sem og breytingar frá [3. apríl](#), [13. maí](#), [7. júlí](#) og [13. október](#) 2020 og [28. janúar 2021](#). Samsteypt útgáfa á ensku er birt á vef framkvæmdastjórnar ESB og á vef Eftirlitsstofnunar EFTA.

Framkvæmdastjórn
Evrópusambandsins

ORÐSENDING FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

**Tímabundinn rammi um ríkisaðstoð til stuðnings hagkerfisins
vegna yfirstandandi COVID-19-heimsfaraldurs**

(samsteypt útgáfa)

1. ÚTBREIÐSLA COVID-19, EFNAHAGSÁHRIF HENNAR OG PÖRF Á TÍMABUNDNUM AÐGERÐUM

1.1. Útbreiðsla COVID-19 og efnahagsáhrif hennar

1. Útbreiðsla COVID-19 skapar alvarlegt lýðheilsulegt neyðarástand sem hefur áhrif á almenning og samfélög, með staðfest smit í öllum aðildarríkjum Sambandsins. Einnig er COVID-19-faraldurinn gríðarlegt áfall fyrir bæði alþjóðahagkerfið og hagkerfi Sambandsins og samræmdar aðgerðir aðildarríkja og stofnana ESB eru bráðnauðsynlegar til þess að draga úr neikvæðum áhrifum þess á hagkerfi ESB.
2. Áhrif þessa áfalls miðlast út í hagkerfið eftir mismunandi farvegum. Þau valda framboðsskelli vegna truflunar aðfangakeðja og eftirspurnarskelli vegna samdráttar í eftirspurn neytenda og skapa mikla óvissu, með tilheyrandi skaðlegum áhrifum á fjárfestingaráform, auk áhrifa lausafjárskorts hjá fyrirtækjum.
3. Hinum ýmsu hamlandi aðgerðum sem aðildarríki hafa beitt, svo sem reglum um fjarlægðarmörk, ferðatakmörkunum, sóttkví og útgöngubanni, er ætlað að tryggja að áfallið vari sem styrt og verði eins umfangslítið og kostur er. Slíkar aðgerðir hafa strax áhrif á bæði eftirspurn og framboð, og hafa þær áhrif á fyrirtæki og starfsfólk, sér í lagi í atvinnugreinum eins og heilsuþjónustu, ferðaþjónustu, menningu, verslun og samgöngum. Fyrir utan þau áhrif sem faraldurinn hefur haft nú þegar á ferðir og viðskipti er útbreiðsla COVID-19 farin að þjarma að fyrirtækjum af öllum stærðum, þvert yfir hagkerfið. Alþjóðlegir fjármálamarkaðar verða einnig fyrir áhrifum og áhyggjur af lausafjárstöðu hafa vaxið. Þessi áhrif munu ekki einskorðast við neitt tiltekið aðildarríki; þvert á móti munu þau raska hagkerfi Sambandsins í heild sinni.
4. Í þeim afar sérstöku aðstæðum sem útbreiðsla COVID-19 hefur valdið geta alls kyns fyrirtæki orðið fyrir alvarlegum lausafjárskorti. Bæði gjaldfær félög og þau sem er verr stödd geta orðið fyrir ófyrirséðum lausafjárskorti eða jafnvel lausafjárburrð. Lítill og meðalstór fyrirtæki eru í sérstakri hættu hvað það varðar. Þetta getur því haft alvarleg skemmri og lengri tíma áhrif á efnahag margra heilbrigðra fyrirtækja sem og starfsfólk þeirra, auk þess að stefna rekstrarhæfi fyrirtækjanna í hættu.
5. Bankar og aðrir fjármagnsmiðlarar munu leika lykilhlutverk í viðbrögðum við faraldrinum með því að viðhalda flæði lánsfjármagns út í hagkerfið. Ef flæði lánsfjár takmarkast verulega munu efnahagsumsvif dragast snögglega saman, þar sem fyrirtæki munu eiga erfitt með að greiða birgjum og starfsfólk. Í slíku umhverfi er viðeigandi að heimila aðildarríkjum að gera ráðstafanir til að hvetja lánastofnanir og aðra fjármagnsmiðlara til að styðja áfram efnahagsumsvif innan Evrópusambandsins.
6. Ríkisaðstoð aðildarríkja skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) í samræmi við þessa orðsendingu, sem miðluð er í gegnum banka sem fjármagnsmiðlara, hefur bein jákvæð áhrif á þessi fyrirtæki. Slíkri aðstoð er ekki ætlað að varðveita eða endurheimta rekstrarhæfi, lausafjárstöðu eða gjaldfærni bankanna. Sömuleiðis er ríkisaðstoð veitt bönkum skv. b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE í því skyni að vega upp beint tap vegna útbreiðslu COVID-19¹ ekki ætlað að varðveita eða endurheimta rekstrarhæfi, lausafjárstöðu eða gjaldfærni stofnana eða annarra aðila. Þar af leiðandi væri slík aðstoð ekki flokkuð sem sérstakur opinber fjárstuðningur skv. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/59/ESB (BRRD-tilskipun)² né skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.

¹ Aðildarríki skulu tilkynna slíka aðstoð og mun framkvæmdastjórnin meta hana m.t.t. b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE.

² Stjtíð. ESB L 173 frá 12.6.2014, bls. 190-348.

806/2014 (SRM-reglugerð),³ né flokkuð undir reglur um ríkisaðstoð⁴ sem gilda um bankastarfsemi.⁵

7. [Ef bankar þurfa sértekan opinberan fjárstuðning vegna útbreiðslu COVID-19 (sjá 28. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar um endurreisn og skilameðferð fjármálfyrirtækja (BRRD) og 29. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 um sameiginlegt skilameðferðarkerfi (SRMR)) í formi lausafjár-, endurfjármögnumunar- eða virðisrýrnunarráðstöfunar þarf að meta hvort ráðstöfunin uppfylli skilyrði undirlíða (i), (ii) eða (iii) d-liðar 4. mgr. 32. gr. BRRD og undirlíða (i), (ii) eða (iii) d-liðar 4. mgr. 18. gr. SRMR. Í tilfelli hinna síðarnefndu skilyrða má bankinn sem fengi slíka sérteka opinbera aðstoð ekki teljast á fallanda fæti. Að því leyti að líkar ráðstafanir taka á vandamálum tengdum útbreiðslu COVID-19 teljast þær falla undir 45. gr. orðsendigarinnar um bankastarfsemi frá 2013,⁶ sem kveður á um undantekningu frá kröfu um dreifingu útgjaldabyrða meðal hluthafa og eigenda víkjandi lána.]
8. Það gæti orðið svo að fyrirtæki verði ekki einungis fyrir lausafjárskorti heldur einnig fyrir talsverðu fjárhagstjóni vegna útbreiðslu COVID-19. Hið fordæmalausa eðli útbreiðslu COVID-19 þýðir að slíkt tjón er bæði ófyrirsjáanlegt og afar umfangsmikið, og setur fyrirtæki þar með í stöðu sem er gjörólik eðlilegum markaðsaðstæðum. Jafnvel stöndug fyrirtæki sem eru vel fær um að takast á við þær áhættur sem fylgja eðlilegum atvinnurekstri gætu átt erfitt undir þessum sérstöku aðstæðum — svo erfitt að rekstrarhæfi þeirra gætu verið að veði.
9. [Útbreiðsla COVID-19 gæti haft í för með sér alvarlegan efnahagssamdrátt með djúpstæðum áhrifum á fyrirtæki, störf og heimili um allt Evrópusambandið. Markviss opinbers stuðnings er þörf til að tryggja að nægt lausafé sé til staðar á mörkuðum, til að mæta því tjóni sem heilbrigð fyrirtæki verða fyrir og til að halda uppi samfelldri efnahagsstarfsemi á meðan á útbreiðslu COVID-19 stendur og eftir að henni lýkur. Auk þess geta aðildarríki ákveðið að styðja fyrirtæki í ferðajónustu til þess að tryggja að COVID-tengdar kröfur um endurgreiðslu séu uppfylltar, þannig að réttur farþega og neytenda séu verndaður og jafnrædis sé gætt milli þeirra. Þar sem fjárhagsrammi ESB er takmarkaður aða stærð munu helstu aðgerðir greiðast úr fjárlögum aðildarríkjanna. Reglur ESB um ríkisaðstoð gera aðildarríkjum kleift að grípa til skjótra og markvissra aðgerða til stuðnings almenningi og fyrirtækjum í fjárhagsvanda vegna útbreiðslu COVID-19, sér í lagi litlum og meðalstórum fyrirtækjum.]

³ Stjtíð. ESB L 225 frá 30.7.2014, 29. lið 1. mgr. 3. gr. SRM-reglugerðar.

⁴ Orðsending um endurfjármögnum fjármálfyrirtækja í yfirstandandi fjármálakreppu: lágmörkun á aðstoð og varnir gegn ástæðulausri samkeppnisröskun (e. Recapitalisation Communication) (Stjtíð. ESB C 10 frá 15.1.2009, bls 2); orðsending framkvæmdastjórnarinnar um meðhöndlun virðisrýrðra eigna í fjármálarfi ESB (e. Impaired Assets Communication) (Stjtíð. ESB C 72 frá 26.3.2009, bls. 1); orðsending um endurheimt rekstrarhæfi og mat á endurfjármögnumunaraðgerðum í fjármálakerfinu í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð (e. Restructuring Communication) (Stjtíð. ESB C 195 frá 19.8.2009, bls. 9); orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð frá og með 1. janúar 2011 vegna stuðningsaðgerða til handa fjármálfyrirtækjum í tengslum við fjármálakreppuna (e. 2010 Prolongation Communication) (Stjtíð. ESB C 329 frá 7.12.2010, bls. 7); orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð frá og með 1. janúar 2012 vegna stuðningsaðgerða til handa fjármálfyrirtækjum í tengslum við fjármálakreppuna (e. 2011 Prolongation Communication) (Stjtíð. ESB C 356 frá 6.12.2011, bls. 7); orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð frá og með 1. ágúst 2013 vegna stuðningsaðgerða til handa bönkum í tengslum við fjármálakreppuna (e. 2013 Banking Communication) (Stjtíð. ESB C 216 frá 30.7.2013, bls. 1).

⁵ Hvers kyns aðgerðir til stuðnings lánastofnunum eða öðrum fjármálfyrirtækjum sem teljast ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. SUSE og falla utan þessarar orðsendingar eða falla ekki undir b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni og metnar m.t.t. reglna um ríkisaðstoð er gilda um bankastarfsemi.

⁶ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð frá og með 1. ágúst 2013 vegna stuðningsaðgerða til handa bönkum í tengslum við fjármálakreppuna (e. 2013 Banking Communication) (Stjtíð. ESB C 216 frá 30.7.2013, bls. 1).

1.2. Þörf á náinni samhæfingu stuðningsaðgerða Evrópuríkja

10. Markvisst eftirlit ESB með ríkisaðstoð aðildarríkja þar sem meðalhófs er gætt tryggir að stuðningsaðgerðir ríkja hafi tilætluð áhrif og hjálpi löskuðum fyrirtækjum á meðan á útbreiðslu COVID-19 stendur, en einnig að aðgerðirnar gefi þeim svigrúm til að taka við sér síðar, að teknu tilliti til markmiða Evrópusambandsins um að ná fram hinum grænu og stafrænu „tvíbura- umbreytingum“. Sömuleiðis tryggir eftirlit ESB með ríkisaðstoð að innri markaður ESB virki sem heild og jafnræði sé virt. Efnahagsbatinn verður einnig hraðari ef heildarvirkni innri markaðarins er gætt. Auk þess verður hægt að afstýra höfrungahlaupi milli ríkja þar sem fjársterkari aðildarríki hugsanlega eyði meira en hin, með tilheyrandi rýrnun á sátt innan Sambandsins.

1.3. Þörf á viðeigandi ríkisaðstoðarráðstöfunum

11. Á meðan aðildarríki reyna almennt að bregðast við efnahagsáhrifum COVID-19-faraldursins lýsir þessi orðsending þeim möguleikum sem aðildarríki hafa samkvæmt reglum ESB til að tryggja fyrirtækjum lausafé og aðgang að lánsfé, sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem verða fyrir ófyrirséðum skorti á þessu tímabili, í því skyni að gefa þeim svigrúm til að ná sér eftir núverandi ástand.
12. Í orðsendingu um samhæfð viðbrögð við útbreiðslu COVID-19 frá 13. mars 2020⁷ lýsti framkvæmdastjórnin tiltækum aðgerðum aðildarríkja sem falla ekki undir eftirlit ESB með ríkisaðstoð og sem þau geta því beitt án aðkomu framkvæmdastjórnarinnar. Meðal þeirra eru aðgerðir sem gilda fyrir öll fyrirtæki, svo sem launastuðningur, frestun á greiðslu fyrirtækjaskatts, virðisaukaskatts eða framlaga til velferðarkerfisins, eða beinn fjárhagsstuðningur til neytenda vegna niðurfellingar á þjónustu eða miðakaupa sem ekki eru endurgreidd af viðkomandi rekstraraðilum.
13. [Aðildarríki geta einnig útbúið stuðningsaðgerðir í samræmi við reglugerð um almenna hópundanþágu⁸ án aðkomu framkvæmdastjórnarinnar.]
14. Aukinheldur geta aðildarríki, skv. c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE og í samræmi við viðmiðunarreglurnar um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar, tilkynnt framkvæmdastjórninni um stuðningskerfi sem ætlað er að bregðast við bráðri lausafjárbörf og aðstoða fyrirtæki sem eru illa stödd eða verr stödd m.a. vegna COVID-19.⁹
15. Ennfremur geta aðildarríki, skv. b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE aðildarríki, bætt fjárhagstjón fyrirtækja í atvinnugreinum sem hafa orðið illa úti vegna COVID-19 (s.s. samgöngum, ferðapjónustu, menningu, hótel- og gistihúsarekstri og verslun) og/eða skipuleggjenda niðurfelldra viðburða, ef tjónið má rekja beint til faraldursins. Aðildarríki geta tilkynnt slíkar

⁷ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingssins, Leiðtogaráðs ESB, Evrópuráðsins, Seðlabanka Evrópu, Evrópska Fjárfestingarbankans og Eurogroup um samhæfð viðbrögð við COVID-19-faraldrinum, COM(2020) 112 lokaútgáfu frá 13.03.2020.

⁸ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans (SUSE) (Stjtíð. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1); reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/20124 frá 25. júní 2014 sem lýsir því yfir að tilteknar tegundir aðstoðar í landbúnaði og skógrækt og á strjálbýlum svæðum séu samrýmanlegar innri markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB 193 frá 1.7.2014, bls. 1); og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1388/2014 frá 16. desember 2014 sem lýsir því yfir að tilteknar tegundir aðstoðar til handa fyrirtækjum í framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu á sjávarútvegs- og fiskeldisvörum séu samrýmanlegar innri markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 369 frá 24.12.2014, bls. 37).

⁹ Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum öðrum en fjármálfyrirtækjum, Stjtíð. ESB C 249 frá 31.7.2014, bls. 1. Framkvæmdastjórnin hefur heimilað ýmis kerfi í níu mismunandi aðildarríkjum.

aðgerðir og framkvæmdastjórnin mun meta þær m.t.t. b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE.¹⁰ Reglan um „eitt skipti fyrir öll“¹¹ sem lýst er í leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar nær ekki til aðstoðar sem framkvæmdastjórnin telur samrýmanlega skv. b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE þar sem síðarnefnd tegund aðstoðar er ekki „björgunaraðstoð, endurskipulagningaraðstoð og tímabundinn stuðningur vegna endurskipulagningar“ í skilningi 71. liðar leiðbeinandi reglnanna. Þar af leiðandi mega aðildarríki skv. b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE bæta tjón fyrirtækja sem hafa þegar fengið aðstoð samkvæmt leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar enda megi rekja tjónið beint til COVID-19-faraldursins.

- [15.a] Samt sem áður þarf aðstoð á grundvelli b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE að bæta skaða sem kemur beint til vegna COVID-19-faraldursins, svo sem skaða sem er beinlínis af völdum takmarkandi ráðstafana sem útiloka, að lögum eða í reynd, að aðstoðarþegi geti sinnt þeirri efnahagslegu starfsemi sem hann hefur með höndum eða tilteknum og aðskiljanlegum hluta af starfsemi hans.¹²

Meðal slíkra ráðstafana geta verið ráðstafanir sem áskilja algjöra stöðvun efnahagslegrar starfsemi (t.d. lokun kráa, veitingastaða eða verslana sem ekki teljast nauðsynlegar), eða stöðvun á tilteknum sviðum (t.d. takmarkanir á flugi eða öðrum samgöngum til eða frá tilteknum upphafsstöðum eða áfangastöðum¹³). Útilokun tiltekinna mjög mikilvægra flokka viðskiptavina (t.d. afþreyingarferðamanna að því er varðar hótel, skólaferðalög að því er varðar sérhæfða ungmannagistingu) telst einnig til ráðstafana sem skapa bein tengsl milli óvenjulega atburðarins og tjóns sem leiðir af útilokun þessara flokka viðskiptavina. Til takmarkandi ráðstafana sem gera mögulegt að bætur séu veittar á grundvallandi b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE geta einnig talist ráðstafanir sem kveða á um hámarksfjölða viðstaddir í tilteknum geirum eða starfsemi (t.d. afþreying, kaupstefnur, íþróttaviðburðir) sem er sannanlega og umtalsvert lægri en það sem mælt væri fyrir um, fyrir þær tilteknu aðstæður, með almennum reglum um fjarlægðarmörk eða um hámarksmannfjölða í atvinnurými (t.d. vegna þess að það virðist ekki nægilega öruggt að unnt sé að útbúa reglur og beita þeim á áhrifaríkan hátt til að tryggja við slíkar aðstæður fylgni við ráðstafanir sem almennt gilda). Slíkur hámörk á fjölda viðstaddir geta talist til takmarkandi ráðstafana í reynd, þegar efnahagslegar varnarráðstafanir fela í sér stöðvun á allri eða nægilega veigamiklum hluta þeirrar starfsemi sem verður fyrir áhrifum.¹⁴

Á hinn bóginн myndu aðrar ráðstafanir (til dæmis almennar reglur um fjarlægðarmörk eða almennar takmarkanir sem varða hollustuhætti, þ.m.t. ráðstafanir sem einungis yfirfæra slíkar almennar kröfur með tilliti til sérstakra eiginleika tiltekinna geira eða tegunda staða) að því er virðist ekki uppfylla kröfur b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE. Að sama skapi eru aðrar tegundir aðstoðar sem taka með almennari hætti á neikvæðu hagsveiflunni sem stafar af COVID-19-

¹⁰ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli SA.56685, Danmörk — bótakerfi vegna niðurfellingar atburða sökum COVID-19,

https://ec.europa.eu/competition/state_aid/cases/2020/11/285054_2139535_70_2.pdf.

¹¹ Sjá kafla 3.6.1 í leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar.

¹² Listi sem er leiðbeinandi og ekki tæmandi yfir ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við ráðstafanir sem heimilaðar hafa verið á grundvelli b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE er aðgengilegur á

https://ec.europa.eu/competition/state_aid/what_is_new/covid_19.html.

¹³ Sjá, t.d., tillögu framkvæmdastjórnarinnar að reglugerð þingsins og ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 að því er varðar tímabundna afléttingu reglna um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum vegna COVID-19 faraldursins (COM/2020/818 final).

¹⁴ Þetta mat getur átt við þegar fyrirtækini er skyld samkvæmt lögum að halda áfram að láta viðkomandi þjónustu eða vörur af hendi.

faraldrinum metnar á grundvelli annars konar samrýmanleika samkvæmt b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE og þannig að jafnaði á grundvelli þessa tímabundna ramma.

- [15.b Ákvæði b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE gera einnig kröfu um að ekki sé um ofgreiðslu að ræða. Einungis er heimilt að bæta það tjón sem er bein afleiðing af takmarkandi ráðstöfunum og nákvæmt mat á slíku tjóni þarf að fara fram. Þess vegna er mikilvægt að sýna fram á að aðstoðin bæti einungis fyrir tjón sem er með beinum hætti til komið vegna ráðstöfunarinnar, að því marki, hvað hagnað varðar, sem trúlega má ætla að aðstoðarþegi hefði aflað ef ekki hefði verið fyrir ráðstöfunina, með þeim hluta starfseminnar sætir skerðingu. Í ljósi framlengdrar kreppu er ekki hægt að taka með í reikninginn efnahagleg áhrif samdráttar í eftirspurn eða í aðsókn vegna minnkandi heildareftirspurnar, eða vegna aukinnar tregðu viðskiptavina til að safnast saman á stöðum sem opnir eru almenningi, í samgöngumánum eða á öðrum vettvangi, eða vegna takmarkana sem gilda almennt m.t.t. fjölda eða fjarlægðarmörk, við útreikning á tjóni vegna takmarkandi ráðstafana sem hægt er að bæta á grundvelli b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE.]
16. Til viðbótar við ofangreinda valkosti lýsir framkvæmdastjórnin í þessari orðsendingu frekari tímabundnum aðgerðum um ríkisaðstoð sem hún telur samrýmanlegar skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE, og sem aðildarríki geta samþykkt mjög fljótlega að lokinni tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar. Einnig er áfram mögulegt að tilkynna aðra valkosti — bæði aðstoðarkerfi og stakar aðgerðir. Markmið þessarar orðsendingar er að búa til ramma sem hjálpar aðildarríkjum að bregðast við þeim vandamálum sem fyrirtæki standa frammi fyrir og einnig að standa vörð um heildarvirkni innri markaðarins og tryggja jafnræði.
- [16.a Til viðbótar við þær aðstoðarráðstafanir sem leyfðar eru á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE og núverandi möguleika á grundvelli c-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, telur framkvæmdastjórnin að brýnt sé að flýta COVID-19-tengdum rannsóknum og þróun, styðja við prófunar- og framleiðsluaukningarárinnaði sem stuðla að þróun COVID-19-tengdrar vöru sem og að styðja við framleiðslu á vörum sem nauðsynlegar eru til að bregðast við útbreiðslu sjúkdómsins. Þess vegna kveður þessi orðsendingu á um skilyrði þess að framkvæmdastjórnin telji slíkar ráðstafanir samrýmanlegar innri markaðnum á grundvelli c-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE. Framkvæmdastjórnin hefur tekið tillit til sameiginlegs markmiðs slíkra aðstoðarráðstafana og jákvæðra áhrifa þeirra á baráttuna gegn þeirri heilsuvá sem stafar af útbreiðslu COVID-19 og hefur vegið þau áhrif á móti hugsanlegum neikvæðum áhrifum slíkra ráðstafana á innri markaðinn.]
- 16.b Aðstoð sem veitt er í samræmi við þessa orðsendingu á grundvelli b- eða c-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE skal ekki vera skilyrt um flutning á framleiðslu eða annarri starfsemi aðstoðarþega frá öðru landi innan EES til landssvæðis í því aðildarríki sem veitir ríkisaðstoðina. Slíkt skilyrði myndi teljast skaðlegt fyrir innri markaðinn. Þetta er án tillits til þess fjöldu starfa sem raunverulega hafa tapast í upphaflegri starfsstöð lántakans á EES.]

2. BEITING B-LIÐAR 3. MGR. 107. GR. SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS

17. Samkvæmt b-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) getur framkvæmdastjórnin heimilað ríkisaðstoð til að „ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis“. Í þessu samhengi hafa dómstólar Evrópusambandsins úrskurðað að röskunin verði að hafa áhrif á allt hagkerfi aðildarríkis eða mikilvægan hluta þess, en ekki einungis hagkerfi tiltekins svæðis innan þess ríkis. Þá er þetta í samræmi við nauðsyn þess að túlka

strangt öll undantekningarákvæði, s.s. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE.¹⁵ Framkvæmdastjórnin hefur ítrekað byggt ákvarðanir sínar á þessari túlkun.¹⁶

18. Þar sem COVID-19 nær til allra aðildarríkja ESB og hamlandi aðgerðir aðildarríkjanna hafa áhrif á fyrirtæki telur framkvæmdastjórnin ríkisaðstoð réttlætanlega og hún geti verið talin samrýmanlega við innri markaðinn á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, í takmarkaðan tíma, til að ráða bót á lausafjárskorti sem fyrirtæki standa frammi fyrir og tryggja að truflanir af völdum COVID-19 grafi ekki undan rekstrarhæfi þeirra, sér í lagi rekstrarhæfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
19. Í þessari orðsendingu lýsir framkvæmdastjórnin skilyrðum fyrir samrýmanleika sem hún mun að jafnaði beita í tengslum við aðstoð frá aðildarríkjum skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE. Þar af leiðandi skulu aðildarríki sýna fram á að ríkisaðstoð sem tilkynnt er framkvæmdastjórninni samkvæmt þessari orðsendingu sé nauðsynleg, viðeigandi og í réttu hlutfalli til að ráða bót á alvarlegri truflun á efnahagslífi viðkomandi aðildarríkis og að öll skilyrði sem fram koma í þessari orðsendingu séu uppfyllt.
20. Tímabundnum aðstoðarráðstöfunum sem þessi orðsending tekur til má safna saman (uppsafna) í takt við ákvæði stakra kafla orðsendingarinnar. Tímabundnum aðstoðarráðstöfunum sem þessi orðsending tekur til má safna saman með aðstoð sem fellur undir reglugerðir um minniháttaraðstoð¹⁷ eða með aðstoð skv. reglugerð um almenna hópundanþágu,¹⁸ enda séu uppsöfnunarreglur skv. þeim reglugerðum virtar.]
- [20.b Aðstoð til handa lánastofnunum og fjármálafyrirtækjum skal ekki metin skv. þessari orðsendingu nema sem hér segir: (i) óbeinan ávining lánastofnana eða fjármálafyrirtækja sem

¹⁵ Sameinuð mál nr. T-132/96 og T-143/96 Freistaat Sachsen, Volkswagen AG og Volkswagen Sachsen GmbH v framkvæmdastjórninni, ECLI:EU:T:1999:326, 167. mgr.

¹⁶ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 98/490/EC í máli nr. C 47/96 Crédit Lyonnais ([Stjórd. ESB L 221 frá 8.8.1998, bls. 28](#)), lið 10.1; ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/345/EC í máli nr. C 28/02 Bankgesellschaft Berlin ([Stjórd. ESB L 116 frá 4.5.2005, bls. 1](#)), lið 153 og áfram; og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/263/EC í máli nr. C 50/06 BAWAG ([Stjórd. ESB L 83 frá, 26.3.2008, bls. 7](#)), lið 166. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. NN 70/07 Northern Rock ([Stjórd. ESB C 43 frá 16.2.2008, bls. 1](#)), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. NN 25/08 Rescue aid to Risikoabschirmung WestLB ([Stjórd. ESB C 189 frá 26.7.2008, bls. 3](#)) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. júní 2008 í máli State aid C 9/08 SachsenLB ([Stjórd. ESB L 104 frá 24.4.2009, bls. 34](#)), og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. júní 2017 í máli nr. SA.32544 (2011/C) Restructuring of TRAINOSE S.A ([Stjórd. ESB L 186 frá 24.7.2018, bls. 25](#)).

¹⁷ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttar aðstoð ([Stjórd. ESB L 352 frá 24.12.2013, bls. 1](#)); reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1408/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttar aðstoð til fyrirtækja í landbúnaði ([Stjórd. ESB L 352 frá 24.12.2013, bls. 9](#)); reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 frá 27. júní 2014 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttar aðstoð til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi ([Stjórd. ESB L 190 frá 28.6.2014, bls. 45](#)); og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttar aðstoð til fyrirtækja sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu ([Stjórd. ESB L 114 frá 26.4.2012, bls. 8](#)).

¹⁸ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans (SUSE); reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/20124 frá 25. júní 2014 sem lýsir því yfir að tilteknar tegundir aðstoðar í landbúnaði og skógrækt og á strjálbýlum svæðum séu samrýmanlegar innri markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ([Stjórd. ESB 193 frá 1.7.2014, bls. 1](#)); og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1388/2014 frá 16. desember 2014 sem lýsir því yfir að tilteknar tegundir aðstoðar til handa fyrirtækjum í framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu á sjávarútvegs- og fiskeldisvörum séu samrýmanlegar innri markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ([Stjórd. ESB L 369 frá 24.12.2014, bls. 37](#)).

dreifa aðstoð í formi lánsfjár eða lánsábyrgðar skv. köflum 3.1-3.3 að teknu tilliti til varnarráðstafana sem kveðið er á um í kafla 3.4; og (ii) aðstoð skv. kafla 3.10, enda beinist kerfið ekki að starfsfólkip fjármálafyrirtækja eingöngu.]

3. TÍMABUNDNAR RÍKISAÐSTOÐARRÁÐSTAFANIR

3.1. [Takmarkaðar fjárhæðir aðstoðar]

21. Til viðbótar við mögulega aðstoð sem byggir á c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE getur tímabundin aðstoð til handa fyrirtækjum sem lenda í ófyrirséðum lausafjárskorti eða jafnvel lausafjárþurrð talist viðeigandi, nauðsynleg og markviss lausn í núverandi aðstæðum.
22. [Framkvæmdastjórnin mun telja slíka ríkisaðstoð samrýmanlega innri markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, enda séu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt (sérkvæði sem gilda um frumframleiðslu í landbúnaði, sjávarútveg og fiskeldi er að finna í 23. gr.):
- [Heildarfjárhæð aðstoðar til hvers fyrirtækis sé að hámarki EUR 1,8 milljón¹⁹ Aðstoð má veita í formi beins fjárstuðnings, skatta- og greiðsluúvilnana eða annarrar tegundar aðstoðar, svo sem endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna, ábyrgða, lánveitinga og eiginfjár enda sé heildarnafnvirði aðstoðar til hvers fyrirtækis að hámarki EUR 1,8 milljón (allar tölur skulu vera brúttó, s.s. fyrir frádrátt skatta eða annarra gjalda).]
 - Aðstoð sé veitt samkvæmt stuðningskerfi sem starfi eftir fjárhagsáætlun.
 - [Aðstoð má ekki veita fyrirtækjum sem voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu²⁰) þann 31. desember 2019.]
- [c.(a) Þrátt fyrir það sem að framan segir má veita örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu) sem þegar voru í erfiðleikum þann 31. desember 2019 björgunaraðstoð, að því tilskildu að þau sæti ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum og að þau hafi ekki fengið neyðaraðstoð²¹ eða endurskipulagningarárastoð²².]
- [Aðstoð sé veitt í síðasta lagi þann 31. desember 2021.²³]
 - Aðstoð veitt fyrirtækjum sem stunda úrvinnslu og markaðssetningu landbúnaðarvöru²⁴ sé háð þeim skilyrðum að henni sé ekki miðlað áfram til frumframleiðenda, að fullu eða að hluta, og að hún miðist ekki við verð eða magn vörur sem sett er á markað af viðkomandi fyrirtækjunum eða keypt beint frá frumframleiðendum nema, að því er síðarnefnda tilvikið varðar, vörurnar hafi annað hvort ekki verið settar á markað eða

¹⁹ Ekki skal taka með í reikninginn aðstoð sem veitt er á grundvelli aðstoðarkerfa sem samþykkt eru samkvæmt þessum kafla og hefur verið endurgreidd fyrir 31. desember 2021 þegar metið er hvort viðkomandi hámarki hefur verið náð.

²⁰ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtíð. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

²¹ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið björgunaraðstoð, hafi þau endurgreitt lánið eða rift ábyrgðinni þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

²² Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið aðstoð til endurskipulagningar, ef þau sæta ekki lengur skilyrðum endurskipulagningaráætlunar þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

²³ [Sé aðstoð veitt í formi skattáúvilnar skal skattskuldin sem aðstoðin er veitt í tengslum við hafa orðið til eigi síðar en 31. desember 2021.]

²⁴ Samkvæmt skilgreiningu í 6. og 7. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2014 frá 25. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar til landbúnaðar og skógræktar og til dreifbýlissvæða sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtíð. ESB 193 frá 1.7.2014, bls. 1.

verið notaðar í tilgangi sem ekki tengist matvælum, svo sem eimingu, metanvinnslu eða myltigu af hálfu viðkomandi fyrirtækja.

23. Sem frávik frá a-lið 22. gr. gilda eftirfarandi sérskilyrði um landbúnað, sjávarútveg og fiskeldi, til viðbótar við skilyrði samkvæmt liðum a-k 22. gr.:

- a. [Heildaraðstoð veitt hverju fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskeldi sé að hámarki EUR 270.000²⁵ eða EUR 225.000 til hvers fyrirtækis í frumframleiðslu landbúnaðarvöru^{26,27}. Aðstoð má veita í formi beins fjárstuðnings, skatta og greiðsluívilnana og annarra tegunda aðstoðar, svo sem endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna, ábyrgða, lánveitinga og eiginfjár, enda sé heildarnafnvirði aðstoðar til hvers fyrirtækis að hámarki EUR 270.000 eða EUR 225.000 (allar tölur skulu vera brúttó, s.s. fyrir frádrátt skatta eða annarra gjalda).]
- b. Aðstoð veitt fyrirtækjum í frumframleiðslu landbúnaðarvöru skuli ekki miðast við verð eða magn vörus sem sett er á markað. Aðstoð veitt fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskeldi falli ekki undir þá flokka aðstoðar sem lýst er í liðum a-k 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 717/2014.²⁸

- [23.a Þar sem fyrirtæki starfar á nokkrum sviðum sem eru háð mismunandi hámarksfjárhæðum samkvæmt a-lið 22. gr. og a-lið 23. gr. skal aðildarríkið sem um ræðir tryggja með viðeigandi hætti, svo sem með aðgreindu bókhaldi, að tilheyrandi hámarksfjárhæðir séu virtar fyrir hverja af þeirri starfsemi sem um ræðir og að samanlöög aðstoð fari ekki fram úr heildarámarki, sem er EUR 1,8 milljón á hvert fyrirtæki. Þar sem fyrirtæki starfar á sviðum sem falla undir a-lið 23. gr. skal ekki farið fram úr heildarámarksfjárhæðinni sem er EUR 270.000 á hvert fyrirtæki.]
- [23.b Ráðstöfunum sem veittar eru í samræmi við þessa orðsendingu í formi endurgreiðslubærра fyrirframgreiðslna, ábyrgða, lánveitinga eða annarra endurgreiðslubærra gerninga er heimilt að umbreyta í annars konar aðstoð á bord við fjárstuðning, að því gefnu að umbreytingin eigi sér stað í síðasta lagi fyrir 31. desember 2022 og skilyrði þessa kafla séu uppfyllt.]

3.2. Aðstoð í formi lánsábyrgðar

24. [Til þess að tryggja fyrirtækjum í ófyrirséðum lausafjárvanda aðgang að lausafé má telja veitingu lánsábyrgða á lánum²⁹, í takmarkaðan tíma og upp að takmarkaðri lánsfjárhæð, viðeigandi, nauðsynlega og markvissa aðgerð í núverandi aðstæðum.]

²⁵ Eins og skilgreint er í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 frá 27. júní 2014 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttar aðstoð til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi. Stjtíð. ESB L 190, 28.6.2014, bls. 45.

²⁶ Eins og skilgreint er í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2014 frá 25. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar til landbúnaðar og skógræktar og til dreifbýlissvæða sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtíð. ESB 193 frá 1.7.2014, bls. 1.

²⁷ Ekki skal taka tillit til aðstoðar sem veitt er á grundvelli áætlana sem samþykktar eru samkvæmt þessum kafla og hefur verið endurgreidd fyrir 31. desember 2021 þegar metið er hvort viðkomandi hámarki hefur verið náð.

²⁸ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 frá 27. júní 2014 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttar aðstoð til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi, Stjtíð. ESB L 90 frá 28.6.2014, bls. 45.

²⁹ Að því er varðar þennan kafla skal hugtakið „lánsábyrgð á lánum“ einnig taka til ábyrgða á tilteknum framleiðsluvörum, þ.e. ábyrgð á endurkröfum og öfugri reikningsgerð (e. reverse factoring), þar sem útgefandi reiknings á endurkröfurétt á hendur móttakanda reiknings. Vörur sem fallið geta undir öfuga reikningsgerð skulu takmarkast við vörur sem eru aðeins notaðar eftir að seljandi hefur þegar látið af hendi sinn þátt viðskiptanna, þ.e.a.s. varan eða þjónustan hefur verið afhent.

- [24.a Aðstoð sem veitt er skv. kafla 3.2 skal ekki safnað saman við aðstoð veitta vegna sama undirliggjandi höfuðstóls láns skv. kafla 3.3, og öfugt. Aðstoð sem veitt er skv. köflum 3.2 og 3.3 má safna saman vegna mismunandi lána að því gefnu að heildarlánsfjárhæð á hvern aðstoðarþega sé ekki umfram tilgreindar hámarksfjárhæðir skv. d-lið 25. gr. eða d-lið 27. gr. Aðstoðarþegi getur notið góðs samtímis af fjölda hliðstæðra ráðstafana skv. kafla 3.2 að því gefnu að heildarlánsfjárhæð á hvern aðstoðarþega sé ekki umfram tilgreindar hámarksfjárhæðir skv. d- og e-liðum 25. gr.]
25. [Framkvæmdastjórnin mun telja slíka ríkisaðstoð veitta í formi nýrra ábyrgða á stökum lánum vegna útbreiðslu COVID-19 samrýmanlega innri markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
- Áhættuálag hvers láns fyrir sig sé háð settu lágmarki sem hækki í skrefum eftir því sem lengd lánsins sem ábyrgð gildir um eykst, samkvæmt eftirfarandi töflu:
- | Tegund aðstoðarþega | Fyrsta ár | 2.-3. ár | 4.-6. ár |
|-------------------------------|-----------|----------|----------|
| Lítill og meðalstór fyrirtæki | 25 bp | 50 bp | 100 bp |
| Stór fyrirtæki | 50 bp | 100 bp | 200 bp |
- Að öðrum kosti geta aðildarríki tilkynnt um kerfi þar sem taflan að ofan er höfð til hliðsjónar en gildistíma, áhættuá lagi og umfangi ábyrgðar á hverjum undirliggjandi höfuðstól er unnt að breyta (svo sem umfangsminni ábyrgð á móti lengri gildistíma eða lægra áhættuá lagi); áhættuálag má vera óbreytt á öllum gildistíma ábyrgðar sé álag fyrir hverja tegund lántakanda herra en fyrsta árs lágmark samkvæmt töflunni að ofan, leiðrétt fyrir gildistíma og umfang ábyrgðar samkvæmt þessari málsgrein.
 - [Ábyrgðin sé veitt eigi seinna en 31. desember 2021.]
 - [Heildarfjárhæð lána til hvers aðstoðarþega með lokagjalddaga eftir 31. desember 2021 sé ekki hærri en]:
 - tvöfaldur árlegur launakostnaður viðkomandi fyrirtækis (þ.m.t. tryggingagjöld og kostnaður vegna starfsfólks sem vinnur á athafnasvæði fyrirtækisins en er á launaskrá undirverktaka) á árinu 2019, eða síðasta ári þar sem tölur liggja fyrir. Í tilfelli fyrirtækja stofnaðra frá og með 1. janúar 2019 skuli lánsfjárhæðin ekki vera hærri en áætlaður árlegur launakostnaður fyrstu tveggja rekstrarára; eða
 - 25% af heildarveltu lántakanda á árinu 2019; eða
 - [leggi aðildarríki fram viðeigandi rökstuðning til framkvæmdastjórnarinnar (t.d. í sambandi við eiginleika tiltekinna flokka fyrirtækja) er heimilt að hækka lánsfjárhæð svo að hún mæti lausafjárbörf í 18 mánuði frá útgáfudegi lánsins í tilfelli lítilla og meðalstórra fyrirtækja³⁰ og í 12 mánuði frá útgáfudegi í tilfelli stórra fyrirtækja. Lausafjárbörf skal metin með eigin yfirlýsingu aðstoðarþega.³¹]
 - [Höfuðstóll lána með lokagjalddaga til og með 31. desember 2021 getur verið hærri en tilgreint er í d-lið 25. gr., enda leggi aðildarríki fram viðeigandi rökstuðning til

³⁰ Skv. skilgreiningu í viðauka I við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beiingar 107. og 108. gr. sáttmálans (SUSE).

³¹ Lausafjáráætlunin má ná til bæði veltufjár og fjárfestingarkostnaðar.

framkvæmdastjórnarinnar, gæti meðalhófs áfram og sýni framkvæmdastjórninni fram á að svo sé.]

- f. Gildistími lánsábyrgðar takmarkist við sex ár nema honum hafi verið breytt á grundvelli b-liðar 25. gr., og fjárhæð ábyrgðar sé ekki hærri en:
- i. 90% af höfuðstól lána þar sem tapið fellur á bæði lánastofnun og ríkið í sama hlutfalli og undir sömu skilyrðum; eða
 - ii. 35% af höfuðstól lána þar sem tapið fellur fyrst á ríkið og síðan á lánastofnun (e. first-loss guarantee); og
 - iii. í báðum ofangreindum tilfellum, þegar eftirstöðvar lánsins lækka smám saman, t.d. vegna greiðslu afborgana, skal fjárhæð ábyrgðar lækka til samræmis;
- g. Lánsábyrgð skuli veita vegna fjárfestingarfjármögnum og/eða veltufjárlána;
- h. Ábyrgð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu³²) þann 31. desember 2019.]
- [h.(a) Þrátt fyrir það sem að framan segir má veita örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu) sem þegar voru í erfiðleikum þann 31. desember 2019 björgunaraðstoð, að því tilskildu að þau sæti ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum og að þau hafi ekki fengið neyðaraðstoð³³ eða endurskipulagningarástoð³⁴.]

- [25.a Ábyrgðir á skuldabréfum sem eru víkjandi gagnvart hefðbundnum forgangskröfuhöfum ef til gjaldþrotaskipta kemur má veita með áhættuálagi sem er í það minnsta jafnt grunnvöxtunum og áhættuálaginu sem vísað er til í töflunni í a-lið 25. gr. auk 200 bps fyrir stór fyrirtæki og 150 bps fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Fráviksvalmöguleikinn í b-lið 25. gr. á við um slík skuldabréf. Ákvæðum c-liðar, undirliða (i) og (iii) í f-lið, g-liðar og h-liðar 25. gr. og h-liðar 25. gr. a skall einnig fylgt.³⁵ Fjárhæð víkjandi skuldabréfs sem ábyrgð gildir um skal ekki vera umfram báðar eftirfarandi hámarksfjárhæðir:³⁶
- i. tveimur þriðju árlegs launakostnaðar aðstoðarþega í tilfelli stórra fyrirtækja, og árlegum launakostnaði aðstoðarþega í tilfelli lítilla og meðalstórra fyrirtækja, skv. skilgreiningu í undirlið (i) d-liðar 25. gr.; og
 - ii. 8,4% af heildarveltu aðstoðarþega á árinu 2019 í tilfelli stórra fyrirtækja og 12,5% af heildarveltu aðstoðarþega á árinu 2019 í tilfelli lítilla og meðalstórra fyrirtækja.]

³² Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtíð. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

³³ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið björgunaraðstoð, hafi þau endurgeitt lánið eða rift ábyrgðinni þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

³⁴ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið aðstoð til endurskipulagningar, ef þau sæta ekki lengur skilyrðum endurskipulagningaráætlunar þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

³⁵ Til að taka af allan vafa felur úrfelling undirliðar (ii) í c-flið 25. gr. í sér að ábyrgðir þar sem tapið fellur fyrst á ríkið og síðan á lánastofnun (e. first-loss guarantee) á skuldabréfum, sem eru víkjandi gagnvart hefðbundnum forgangskröfuhöfum ef til gjaldþrotaskipta kemur, falla ekki undir þessa grein.

³⁶ Séu skuldabréfafborganir eignfærðar skal taka tillit til þess þegar slíkar hámarksfjárhæðir eru ákvarðaðar, að því tilskildu að eignfærslan hafi verið áætluð eða fyrirsjánleg þegar ráðstöfunin var tilkynnt. Einnig skal taka tillit til hvers konar ríkisaðstoðar í formi víkjandi skuldabréfa sem veitt hefur verið vegna útbreiðslu COVID-19, jafnvel utan gildissviðs þessarar orðasendingar, við slíkan útreikning. Hins vegar má horfa framhjá víkjandi skuldabréfum sem veitt hafa verið í samræmi við kafla 3.1 þessarar orðasendingar við útreikning á framangreindum hámarksfjárhæðum.

3.3. Aðstoð í formi niðurgreiddra útlánsvaxta

26. [Niðurgreiðsla á vöxtum til þess að tryggja fyrirtækjum í ófyrirséðum lausafjárvanda aðgang að lausafé getur talist viðeigandi, nauðsynleg og markviss aðgerð í núverandi aðstæðum, enda séu takmörk sett á lánstíma og lánsfjárhæð. Auk þess geta víkjandi lán sem víkja fyrir forgangskröfuhöfum við gjaldþrotaskipti talist viðeigandi, nauðsynleg og markviss aðgerð í núverandi aðstæðum. Slík skuldabréf fela í sér minni röskun en hlutabréf eða blendingsgerningar vegna þess að ekki er hægt að breyta þeim sjálfkrafa í eigið fé þegar viðkomandi fyrirtæki er rekstrarhæft. Þar af leiðandi verður aðstoð í formi víkjandi lána³⁷ að uppfylla viðkomandi skilyrði skv. kafla 3.3, sem fjallar um skuldabréf. Hins vegar, þar sem slík aðstoð eykur möguleika fyrirtækja á að taka forgangslán á svipaðan hátt og eiginfjárstuðningur gerir, skal einnig bæta við áhættuálagi og takmarka lánsfjárhæð við þriðjung af forgangslánum í tilfelli stórra fyrirtækja og helming af forgangslánum í tilfelli lítilla og meðalstórra fyrirtækja skv. skilgreiningunni í undirlið (i) eða (ii) d-liðar 27. gr. Víkjandi lán umfram þessar hámarksfjárhæðir skulu metin miðað við skilyrði COVID-19-endurfjármögnumunarráðstafana skv. kafla 3.11 til að tryggja jafnræði.]
- [26.a] Aðstoð sem veitt er skv. kafla 3.3 skal ekki safnað saman við aðstoð veitta vegna sama undirliggjandi höfuðstóls láns skv. kafla 3.2, og öfugt. Aðstoð sem veitt er skv. köflum 3.2 og 3.3 má safna saman vegna mismunandi lána að því gefnu að heildarlánsfjárhæð á hvern aðstoðarþega sé ekki umfram tilgreindar hámarksfjárhæðir skv. d-lið 25. gr. eða d-lið 27. gr. Aðstoðarþegi getur notið góðs samtímis af fjölda hliðstæðra ráðstafana skv. kafla 3.3 að því gefnu að heildarlánsfjárhæð á hvern aðstoðarþega sé ekki umfram tilgreindar hámarksfjárhæðir skv. d- og e-liðum 27. gr.]
27. [Framkvæmdastjórnin mun telja ríkisaðstoð í formi niðurgreiðslu vegna opinberrar lánveitingar samrýmanlega innri markaðnum skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE, sé hún veitt vegna útbreiðslu COVID-19 og eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- a. [Heimilt sé að veita lán á niðurgreiddum vaxtakjörum enda sé vaxtahlutfall a.m.k. jafnt grunnvöxtum (eins árs IBOR-vöxtum eða jafngildi þeirra, útgefnum af framkvæmdastjórninni³⁸ sem í gildi voru þann 1. janúar 2020 eða þegar tilkynning berst, auk álags vegna útlánahættu samkvæmt eftirfarandi töflu]:³⁹

Tegund aðstoðarþega	Álag vegna útlánaáhættu, fyrsta ár	Álag vegna útlánaáhættu, 2.-3. ár	Álag vegna útlánaáhættu, 4.-6. ár
Lítill og meðalstór fyrirtæki	25 bp	50 bp	100 bp
Stór fyrirtæki	50 bp	100 bp	200 bp

- b. Að öðrum kosti megi aðildarríki tilkynna um kerfi þar sem taflan að ofan er höfð til hliðsjónar en lánstíma og áhættuálagi er unnt að breyta; t.d. má áhættuálag vera óbreytt

³⁷ Nema slík aðstoð uppfylli skilyrði kafla 3.1 í þessari orðsendingu.

³⁸ Grunnvextir útreiknaðir samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarnar um breytingu á aðferðafræði við útreikning viðmiðunarvaxta og afreknivaxta (Stjtíð. ESB C 14 frá 19.01.2008, bls. 6) og birt á vefsíðu stjórnarsviðs samkeppnismála hjá framkvæmdastjórninni (e. DG Competition):

https://ec.europa.eu/competition/state_aid/legislation/reference_rates.html.

³⁹ Lágmarks heildarvextir (grunnvextir auk áhættuálags) skulu ávallt vera a.m.k. 10 bp á ári.

á öllum lánstímanum sé álag á hverri tegund lántakanda hærra en fyrsta árs lágmark, en leiðrétt fyrir lánstíma samkvæmt þessari málsgrein.⁴⁰

- c. [Lánasamningar séu undirritaðir eigi síðar en 31. desember 2021 og takmarkist við sex ára lánstíma að hámarki, nema breytingar hafi verið gerðar á grundvelli b-liðar 27. gr.]
 - d. [Heildarfjárhæð lána til hvers lántakanda aðstoðarþega með lokagjalddaga eftir 31. desember 2021 sé ekki hærri en]:
 - i. tvöfaldur árlegur launakostnaður viðkomandi fyrirtækis (þ.m.t. tryggingagjöld og kostnaður vegna starfsfólks sem vinnur á athafnasvæði fyrirtækisins en er á launaskrá undirverktaka) á árinu 2019, eða síðasta ári þar sem tölur liggja fyrir. Í tilfelli fyrirtækja stofnaðra frá og með 1. janúar 2019 skuli lánsfjárhæðin ekki vera hærri en áætlaður árlegur launakostnaður fyrstu tveggja rekstrarára; eða
 - ii. 25% af heildarveltu lántakanda á árinu 2019; eða
 - iii. [leggi aðildarríki fram viðeigandi rökstuðning til framkvæmdastjórnarinnar (t.d. í sambandi við eiginleika tiltekinna flokka fyrirtækja) er heimilt að hækka lánsfjárhæð svo að hún mæti lausafjárbörf í 18 mánuði frá útgáfudegi lánsins í tilfelli lítilla og meðalstórra fyrirtækja⁴¹ og í 12 mánuði frá útgáfudegi í tilfelli stórra fyrirtækja. Skal lausafjárbörf metin með eigin yfirlýsingu aðstoðarþega.⁴²]
 - e. [Höfuðstóll lána til hvers lántakanda með lokagjalddaga til og með 31. desember 2021 getur verið hærri en tilgreint er í d-lið 27. gr., enda leggi aðildarríki fram viðeigandi rökstuðning til framkvæmdastjórnarinnar, gæti meðalhófs áfram og sýni framkvæmdastjórninni fram á að svo sé.]
 - f. Lán skuli veita vegna fjárfestingarfjármögnum- og/eða veltufjárfarfar.
 - g. Lán má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu⁴³) þann 31. desember 2019.]
- [g.(a) Prátt fyrir það sem að framan segir má veita örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu) sem þegar voru í erfiðleikum þann 31. desember 2019 björgunaraðstoð, að því tilskildu að þau sæti ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum og að þau hafi ekki fengið neyðaraðstoð⁴⁴ eða endurskipulagningarástóð⁴⁵.]

- [27.a Ábyrgðir á skuldabréfum sem eru víkjandi gagnvart hefðbundnum forgangskröfuhöfum ef til gjaldþrotaskipta kemur má veita með áhættuálagi sem er í það minnsta jafnt grunnvöxtunum og áhættuálaginu sem vísað er til í töflunni í a-lið 25. gr. auk 200 bps fyrir stór fyrirtæki og 150 bps fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Fráviksvalmöguleikinn í b-lið 25. gr. á við um slík skuldabréf. Ákvæðum c-liðar, í f-liðar, g-liðar og h-liðar 27. gr. og g-liðar 27. gr. a skall einnig fylgt. Sé fjárhæð víkjandi skuldabréfs sem ábyrgð gildir um umfram báðar eftirfarandi

⁴⁰ Lágmarks heildarvextir (grunnvextir auk áhættuálags) skulu ávallt vera a.m.k. 10 bp á ári.

⁴¹ Skv. skilgreiningu í viðauka I við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 um almenna hópundanþágu.

⁴² Lausafjáráætlunin má ná til bæði veltufjár og fjárfestingarkostnaðar.

⁴³ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtíð. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

⁴⁴ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið björgunaraðstoð, hafi þau endurgreitt lánið eða rift ábyrgðinni þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁴⁵ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið aðstoð til endurskipulagningar, ef þau sæta ekki lengur skilyrðum endurskipulagningaráætlunar þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

hámarksfjárhæðir⁴⁶ skal samrýmanleiki skuldabréfsins við innri markaðinn metinn á grundvelli kafla 3.11:

- i. tveimur þriðju árlegs launakostnaðar aðstoðarþega í tilfelli stórra fyrirtækja, og árlegum launakostnaði aðstoðarþega í tilfelli lítilla og meðalstórra fyrirtækja, skv. skilgreiningu í undirlið (i) d-liðar 27. gr.; og
- ii. 8,4% af heildarveltu aðstoðarþega á árinu 2019 í tilfelli stórra fyrirtækja og 12,5% af heildarveltu aðstoðarþega á árinu 2019 í tilfelli lítilla og meðalstórra fyrirtækja.]

3.4. Aðstoð í formi ábyrgða og lánveitinga sem miðlaðar eru í gegnum lánastofnanir eða önnur fjármálafyrirtæki

28. [Aðstoð í formi ábyrgðar og lána samkvæmt köflum 3.1, 3.2, 3.3 og 3.12 í þessari orðsendingu má veita fyrirtækjum í ófyrirséðum lausafjárvanda annað hvort beint eða í gegnum lánastofnanir eða aðra fjármagnsmiðlara. Í síðarnefndu tilfelli skal uppfylla neðangreind skilyrði.]
29. Þótt slík aðstoð sé veitt fyrirtækjum í ófyrirséðum lausafjárvanda en ekki lánastofnunum eða öðrum fjármálafyrirtækjum getur hún e.t.v. komið þeim síðarnefnda að gangi óbeint. Samt sem áður er slíkri óbeinni aðstoð ekki ætlað að varðveita eða endurheimta rekstrarhæfi, lausafjárstöðu eða gjalffærni lánastofnana. Þar af leiðandi telur framkvæmdastjórnin að slík aðstoð skuli ekki flokkast sem sérstakur ríkisstuðningur skv. 1. mgr. 2. gr. nr. 28 BRRD-tilskipunar og 1. mgr. 3. gr. nr. 29 SRM-reglugerðar og að hana skuli ekki meta samkvæmt þeim reglum um ríkisaðstoð er gilda um bankastarfsemi.⁴⁷
30. Í öllu falli er viðeigandi að innleiða varnarráðstafanir varðandi hugsanlega óbeina ríkisaðstoð til handa lánastofnunum eða öðrum fjármálafyrirtækjum til þess að lágmarka ótilhlýðilega samkeppnisröskun.
31. [Lánastofnanir og önnur fjármálafyrirtæki skulu miðla ávinningi af lánsábyrgðum eða niðurgreiddum vöxtum til lántakenda/móttakenda eins og frekast er unnt. Fjármagnsmiðlari verður að geta sýnt fram á að hann starfi samkvæmt kerfi er tryggi að ávinningi sé miðlað áfram eins og frekast er unnt til lántakenda/móttakenda, í formi hærri lánsfjárhæða, áhættusamari eignasafna, rýmri krafna um veð, lægri ábyrgðargjalda eða lægri vaxta en í boði væru án slíkra ríkisábyrgða eða opinberra lána.]

3.5. Skammtímagreiðsluvátrygging vegna útflutnings

32. Samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um skammtímagreiðsluvátryggingu vegna útflutnings (e. short-term export-credit insurance, STEC) er óheimilt að ríkisstuðningur greiðsluvátryggingar vegna útflutnings nái til markaðshæfrar áhættu. Vegna yfirstandandi útbreiðslu COVID-19 og í kjölfar samráðs um fáanleika skammtímagreiðsluvátryggingar vegna útflutnings í öllum löndum sem standa frammi fyrir markaðshæfri áhættu hefur framkvæmdastjórnin komist að því að á einkamarkaði sé almennur skortur á nægjanlegri

⁴⁶ Séu skuldabréfaafborganir eignfærðar skal taka tillit til þess þegar slíkar hámarksfjárhæðir eru ákvarðaðar, að því tilskildu að eignfærslan hafi verið áætluð eða fyrirsjánleg þegar ráðstöfunin var tilkynnt. Einnig skal taka tillit til hvers konar ríkisaðstoðar í formi víkjandi skuldabréfa sem veitt hefur verið vegna útbreiðslu COVID-19, jafnvel utan gildissviðs þessarar orðasendingar, við slíkan útreikning. Hins vegar má horfa framhjá víkjandi skuldabréfum sem veitt hafa verið í samræmi við kafla 3.1 þessarar orðasendingar við útreikning á framangreindum hámarksfjárhæðum.

⁴⁷ Sjá 6. gr. í þessum tímabundna ramma.

skammtímagreiðsluvátryggingu vegna útflutnings og að vátryggingavernd vegna markaðshæfrar áhættu sé tímabundið ófáanleg.

33. [Í þessu samhengi telur framkvæmdastjórnin alla viðskiptaáhættu og pólitíska áhættu sem fylgir útflutningi til ríkja sem tilgreind eru í viðauka við STEC tímabundið ómarkaðshæfa til 31. desember 2021.]]

[3.6. Stuðningur vegna COVID-19-tengdra rannsókna og þróunar

34. Til viðbótar við mögulega aðstoð sem byggir á c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE er brýnt að stuðla að COVID-19-tengdum rannsóknum og þróun til að taka á hinni yfirstandandi heilsuvá.
35. Framkvæmdastjórnin mun telja ríkisaðstoð vegna COVID-19-tengdra rannsókna- og þróunarverkefna og annarra rannsókna á veiruhamlandi meðferð,⁴⁸ þar á meðal verkefna sem hafa fengið COVID-19-tengda vottun (e. Seal of Excellence) á grundvelli Horizon 2020 SME-rammaáætlunar, samrýmanlega innri markaðnum séu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
- [Aðstoð sé veitt í formi beins fjárstuðnings, endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu eða skattaívilnana eigi síðar en 31. desember 2021.]
 - Í tilviki rannsókna- og þróunarverkefna sem hófust frá 1. febrúar 2020 eða í tilviki verkefna sem hafa fengið COVID-19-tengda vottun (e. Seal of Excellence) teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif sé hún nauðsynleg til að flýta fyrir verkefninu eða auka umfang þess. Í slíkum tilfellum verður einungis sá viðbótarkostnaðar er hlýst af því að flýta fyrir verkefni eða auka umfang þess talinn styrkhæfur.
 - Styrkhæfur kostnaður getur tekið til alls nauðsynlegs kostnaðar vegna rannsókna- og þróunarverkefnisins á meðan verkefnið stendur yfir, þar á meðal kostnaðar vegna launa, tölvubúnaðar, greiningartækja, gagnaöflunar- og gagnavinnslutækja, rannsókna- og þróunarþjónustu, forklínískrar og klínískrar prófunar (I.-IV. stigs); vegna öflunar, staðfestingar og varnar einkaleyfa og annarra óefnislegra eigna; vegna öflunar á nauðsynlegu samræmismati og/eða heimildum til markaðssetningar á nýjum og bættum bóluefnum og lyfjavörum, lækningaáhöldum, sjúkrahústækjum og lækningatækjum, sótthreinsiefnum, hlífðarfatnaði og -áhöldum; IV. stigs rannsóknir eru styrkhæfar svo fremi sem þær bjóði upp á frekari vísindalega eða tæknilega framþróun;
 - Aðstoðarhlutfall fyrir hvert fyrirtæki sem fær aðstoð má ná 100% af styrkhæfum kostnaði vegna grunnrannsókna og skal takmarkast við 80% af styrkhæfum kostnaði vegna iðnaðarrannsókna og tilraunaþróunar.⁴⁹
 - Vegna iðnaðarrannsókna og tilraunaþróunar má hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentur ef fleiri en eitt aðildarríki styður rannsóknarverkefnið eða ef verkefnið felur í sér millilandasamstarf rannsóknastofnana eða annarra fyrirtækja.
 - Aðstoð á grundvelli þessarar ráðstöfunar má leggja saman við annan stuðning vegna sama styrkhæfs kostnaðar, enda sé samanlöögð fjárhæð aðstoðar ekki hærri en tilgreindar hámarksfjárhæðir samkvæmt d- og e-liðum hér að ofan.

⁴⁸ Til COVID-19-tengda rannsókna og annarra rannsókna á veiruhamlandi meðferð teljast rannsóknir á bóluefnum, lækningaáhöldum, sjúkrahústækjum og lækningatækjum, sótthreinsiefnum, hlífðarfatnaði og -áhöldum; og rannsóknir á nýjum ferlum er stuðla að hagkvæmri framleiðslu á nauðsynlegum vörum.

⁴⁹ Samkvæmt skilgreiningu í 84., 85. og 86. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjórd. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

- g. Viðtakandi aðstoðarinnar skuli skuldbinda sig til að veita þriðju aðilum innan EES almennt nytjaleyfi á jafnræðisgrundvelli.
- h. Aðstoð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu⁵⁰) þann 31. desember 2019.]
- [h.(a) Þrátt fyrir það sem að framan segir má veita örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu) sem þegar voru í erfiðleikum þann 31. desember 2019 björgunaraðstoð, að því tilskildu að þau sæti ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum og að þau hafi ekki fengið neyðaraðstoð⁵¹ eða endurskipulagningarástóð⁵².]

[3.7. Fjárfestingaraðstoð vegna prófunar- og framleiðsluaukningaránnviða

- 36. Til viðbótar við mögulega aðstoð sem byggir á c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE er brýnt að styrkja prófunar- og framleiðsluaukningaránnviði er stuðla að þróun á COVID-19-tengdum vörum.
- 37. Þar af leiðandi mun framkvæmdastjórnin telja fjárfestingaraðstoð vegna uppbyggingar eða uppfærslu á prófunar- og framleiðsluaukningaránnviðum sem nauðsynlegir eru til að þróa, prófa og auka framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum fram að fyrstu iðnaðarútfærslu fyrir fjölframleiðslu, eins og lýst er í kafla 3.8, samrýmanlega innri markaðnum, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
 - a. Aðstoð sé veitt vegna uppbyggingar eða uppfærslu á prófunar- og framleiðsluaukningaránnviðum sem nauðsynlegir eru til að þróa, prófa og auka framleiðslu á eftirfarandi COVID-19-tengdum vörum fram að fyrstu iðnaðarútfærslu fyrir fjölframleiðslu: COVID-19-tengdum lyfjavörum (þ.m.t. bóluefnum) og -meðferð, millistigsvörum þeirra og virku lyfjafræðilegu innihalds- og hráefni; lækningaáhöldum, sjúkrahóstækjum og lækningatækjum (þ.m.t. öndunarvélum, hlífðarfatnaði og -búnaði og greiningaráhöldum) og nauðsynlegu hráefni þar að lútandi; sótthreinsiefnum, millistigsvörum þeirra og kemísku hráefni sem nauðsynlegt er vegna framleiðslu þeirra; auk tækja til gagnaöflunar og -vinnslu.
 - b. Aðstoð sé veitt í formi beins fjárstuðnings, skattaívilnana eða endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. desember 2021.]
 - c. Í tilviki rannsókna- og þróunarverkefna sem hófust frá 1. febrúar 2020 teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif; í tilviki verkefna sem hófust fyrir 1. febrúar 2020 teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif sé hún nauðsynleg til að flýta fyrir verkefninu eða auka umfang þess. Í slíkum tilfellum verður einungis sá viðbótarkostnaðar er hlýst af því að flýta fyrir verkefni eða auka umfang þess talinn styrkhæfur.
 - d. Fjárfestingarverkefni skal lokið innan sex mánaða frá því að aðstoð er veitt. Fjárfestingarverkefni telst lokið þegar það er staðfest sem slíkt af þar til bærum yfirvöldum aðildarríkis. Fyrir hvern mánuð sem lok verkefnisins dregst umfram sex mánuði skal endurgreiða 25% af aðstoð sem veitt var í formi beins fjárstuðnings eða skattaívilnana nema seinkunina megi rekja til óviðráðanlegra þátta. Ef verkefninu lýkur á tilsettum tíma er aðstoð í formi endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna breytt í styrk;

⁵⁰ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtíð. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

⁵¹ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið björgunaraðstoð, hafi þau endurgreitt lánið eða rift ábyrgðinni þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁵² Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið aðstoð til endurskipulagningar, ef þau sæta ekki lengur skilyrðum endurskipulagningaráætlunar þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

ef verkefninu lýkur ekki á tilsettum tíma skal viðtakandi endurgreiða fyrirframgreiðsluna með jöfnum árlegum afborganum innan fimm ára frá því að aðstoð er veitt.

- e. Styrkhæfur kostnaður skilgreinist sem nauðsynlegur kostnaður vegna uppbyggingar á prófunar- og framleiðsluaukningaránnviðum sem eru nauðsynlegir til að þróa vörur tilgreindar í a-lið hér að ofan. Aðstoðarhlutfallið skal takmarkast við 75% af styrkhæfum kostnaði.
- f. Hámarks aðstoðarhlutfall vegna beins fjárstuðnings eða skattaívilnana má hækka um 15 prósentur til viðbótar ef fjárfestingarverkefninu lýkur innan tveggja mánaða frá því að aðstoð er veitt eða umsókn um skattaívilnun berst, eða ef fleiri en eitt aðildarríki styður verkefnið. Ef aðstoð er veitt í formi endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu og verkefninu lýkur innan tveggja mánaða, eða ef fleiri en eitt aðildarríki styður verkefnið, er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentur til viðbótar.
- g. Aðstoð á grundvelli þessarar ráðstöfunar skal ekki leggja saman við aðra fjárfestingaraðstoð vegna sama styrkhæfs kostnaðar.
- h. Ábyrgð til tryggingar gegn tapi (e. loss cover guarantee) má veita til viðbótar við beinan fjárstuðning, skattaívilnun eða endurgreiðslubæra fyrirframgreiðslu, eða sem staka aðstoðarráðstöfun. Ábyrgð til tryggingar gegn tapi er veitt innan eins mánaðar frá umsókn fyrirtækis og fjárhæð taps sem bætt verður er ákvörðuð fimm árum eftir lok fjárfestingarverkefnisins. Bótafjárhæð reiknast sem mismunur milli samtölu fjárfestingarkostnaðar, hæfilegs hagnaðar (10% árlegs hagnaðar af fjárfestingarkostnaði á fimm ára tímabili) og rekstrarkostnaðar annars vegar, og samtölu beins fjárstuðnings, rekstrartekna á fimm ára tímabili og lokavirðis verkefnisins hins vegar.
- i. Verðlagning á þjónustu sem veitt er af prófunar- og framleiðsluaukningaránnviðum skuli vera í samræmi við markaðsverð.
- j. [Prófunar- og framleiðsluaukningaránnviðir skulu vera aðgengilegir fjölda notenda og skal aðgangur veittur á gagnsæjan hátt á jafnræðisgrundvelli. Fyrirtækjum sem hafa fjármagnað a.m.k. 10% af fjárfestingarkostnaðinum má veita forgangsaðgang undir hagstæðari skilyrðum.]
- k. Aðstoð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu⁵³⁾ þann 31. desember 2019.]
- [k.(a) Þrátt fyrir það sem að framan segir má veita örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu) sem þegar voru í erfiðleikum þann 31. desember 2019 björgunaraðstoð, að því tilskildu að þau sæti ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum og að þau hafi ekki fengið neyðaraðstoð⁵⁴ eða endurskipulagningarástoð⁵⁵.]

[3.8. Fjárfestingaraðstoð vegna framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum

⁵³ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtíð. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

⁵⁴ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið björgunaraðstoð, hafi þau endurgreitt lánið eða rift ábyrgðinni þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁵⁵ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið aðstoð til endurskipulagningar, ef þau sæta ekki lengur skilyrðum endurskipulagningaráætlunar þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

38. Til viðbótar við mögulega aðstoð sem byggir á c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE er brýnt að stuðla að framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum. Hér undir falla COVID-19-tengdar lyfjavörur (þ.m.t. bóluefní) og -meðferð, millistigsvörur þeirra og virkt lyfjafræðilegt innihalds- og hráefni; lækningaáhöld, sjúkrahústæki og lækningataæki (þ.m.t. öndunarvélar, hlífðarfatnaður og -búnaður og greiningaráhöld) og nauðsynlegt hráefni þar að lútandi; sótthreinsiefni, millistigsvörur þeirra og kemískt hráefni sem nauðsynlegt er vegna framleiðslu þeirra; auk tækja til gagnaöflunar og -vinnslu.
39. Framkvæmdastjórnin mun telja fjárfestingaraðstoð vegna framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum samrýmanlega innri markaðnum, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
- Fjárfestingaraðstoðin sé veitt vegna framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum, svo sem lyfjavörum (þ.m.t. bóluefnum) og -meðferð, millistigsvörum þeirra og virku lyfjafræðilegu innihalds- og hráefni; lækningaáhöldum, sjúkrahústækjum og lækningataækjum (þ.m.t. öndunarvélum, hlífðarfatnaði og -búnaði og greiningaráhöldum) og nauðsynlegu hráefni þar að lútandi; sótthreinsiefnum, millistigsvörum þeirra og kemísku hráefni sem nauðsynlegt er vegna framleiðslu þeirra; auk tækja til gagnaöflunar og -vinnslu.
 - [Aðstoð sé veitt í formi beins fjárstuðnings, skattaívilnana eða endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. desember 2021.]
 - Í tilviki rannsókna- og þróunarverkefna sem hófust frá 1. febrúar 2020 teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif; í tilviki verkefna sem hófust fyrir 1. febrúar 2020 teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif sé hún nauðsynleg til að flýta fyrir verkefninu eða auka umfang þess. Í slíkum tilfellum verður einungis sá viðbótarkostnaðar er hlýst af því að flýta fyrir verkefni eða auka umfang þess talinn styrkhæfur.
 - Fjárfestingarverkefni skal lokið innan sex mánaða frá því að aðstoð er veitt. Fjárfestingarverkefni telst lokið þegar það er staðfest sem slíkt af þar til bærum stjórvöldum aðildarríkis. Fyrir hvern mánuð sem lok verkefnisins dregst umfram sex mánuði skal endurgreiða 25% af aðstoð sem veitt var í formi beins fjárstuðnings eða skattaívilnana nema seinkunina megi rekja til óviðráðanlegra þátta. Ef verkefninu lýkur á tilsettum tíma er aðstoð í formi endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna breytt í styrk; ef verkefninu lýkur ekki á tilsettum tíma skal viðtakandi endurgreiða fyrirframgreiðslna með jöfnum árlegum afborgunum innan fimm ára frá því að aðstoð er veitt.
 - Styrkhæfur kostnaður skilgreinist sem allur nauðsynlegur fjárfestingarkostnaður vegna framleiðslu á vörum tilgreindum í a-lið sem og kostnaður vegna prufukeyrslu á nýjum framleiðslustöðvum. Aðstoðarhlutfallið skal takmarkast við 80% af styrkhæfum kostnaði.
 - Hámarks aðstoðarhlutfall vegna beins fjárstuðnings eða skattaívilnunar má hækka um 15 prósentur til viðbótar ef fjárfestingarverkefninu lýkur innan tveggja mánaða frá því að styrkur er veittur eða umsókn um skattaívilnun berst, eða ef fleiri en eitt aðildarríki styður verkefnið. Ef aðstoð er veitt í formi endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu og verkefninu lýkur innan tveggja mánaða, eða ef fleiri en eitt aðildarríki styður verkefnið, er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentur til viðbótar.
 - Aðstoð á grundvelli þessarar ráðstöfunar skal ekki leggja saman við aðra fjárfestingaraðstoð vegna sama styrkhæfs kostnaðar.
 - Ábyrgð til tryggingar gegn tapi (e. loss cover guarantee) má veita til viðbótar við beinan fjárstuðning, skattaívilnun eða endurgreiðslubæra fyrirframgreiðslu, eða sem staka

aðstoðarráðstöfun. Ábyrgð til tryggingar gegn tapi er veitt innan eins mánaðar frá umsóknardegi og fjárhæð taps sem bætt verður er ákvörðuð fimm árum eftir lok fjárfestingarverkefnisins. Bótafjárhæð reiknast sem mismunur milli samtölu fjárfestingarkostnaðar, hæfilegs hagnaðar (10% árlegs hagnaðar af fjárfestingarkostnaði á fimm ára tímabili) og rekstrarkostnaðar annars vegar, og samtölu beins fjárstuðnings, rekstrartekna á fimm ára tímabili og lokavirðis verkefnisins hins vegar.

- i. Aðstoð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu⁵⁶) þann 31. desember 2019.]
 - [i.(a) Þrátt fyrir það sem að framan segir má veita örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu) sem þegar voru í erfiðleikum þann 31. desember 2019 björgunaraðstoð, að því tilskildu að þau sæti ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum og að þau hafi ekki fengið neyðaraðstoð⁵⁷ eða endurskipulagningarástastoð⁵⁸.]

[3.9. Aðstoð í formi frestunar á greiðslu skatta og/eða tryggingagjalda

40. Frestun á greiðslu skatta og/eða tryggingagjalda getur verið öflug leið að draga úr lausafjárvanda fyrirtækja (þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklinga) og varðveita atvinnu. Þar sem slíkri frestun er beitt almennt og hún takmarkast ekki við tiltekin fyrirtæki eða framleiðslu tiltekinnar vöru fellur hún utan gildissviðs 1. mgr. 107. gr. SUSE. Ef hún takmarkast við tilteknar atvinnugreinar, svæði eða tegundir fyrirtækja felur hún í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. SUSE.⁵⁹
41. [Framkvæmdastjórnin mun telja aðstoðarkerfi sem fela í sér tímabundna frestun á greiðslu skatta eða tryggingagjalda til handa fyrirtækjum (þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklingum) sem hafa orðið fyrir sérlega miklum áhrifum vegna útbreiðslu COVID-19 – t.d. fyrirtækjum í tilteknum atvinnugreinum eða á tilteknum svæðum, eða fyrirtækjum af tiltekinni stærð – samrýmanleg innri markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE. Þetta gildir einnig um ráðstafanir tengdar skuldbindingum gagnvart hinu opinbera og tryggingakerfinu, í því skyni að draga úr lausafjárvanda viðtakenda; t.d. frestun á afborgunum, greiðari aðgang að greiðsluáætlunum vegna skattskulda, tímabundna niðurfellingu á vöxtum, frestun á innheimtu skattskulda og flýtingu á skattaendurgreiðslum. Aðstoð skal veita fyrir 31. desember 2021 og lokadagur frestunar skal vera í síðasta lagi 31. desember 2022.]]

[3.10. Aðstoð í formi launastyrkja til handa starfsfólki til að forðast uppsagnir á meðan á COVID-19-faraldrinum stendur

42. [Í því skyni að varðveita atvinnu geta aðildarríki séð fram á að taka þátt í launakostnaði fyrirtækja sem þyrftu ella að segja upp starfsfólki vegna útbreiðslu COVOD-19 eða í því sem jafngildir launatekjum sjálfstætt starfandi einstaklinga sem urðu fyrir því að viðskiptastarfsemi þeirra annaðhvort stöðvaðist eða dróst saman vegna COVID-19-faraldursins. Ef slík aðstoðarkerfi gilda fyrir hagkerfið í heild sinni lúta þau ekki eftirliti ESB með ríkisaðstoð. Á

⁵⁶ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjórd. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

⁵⁷ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið björgunaraðstoð, hafi þau endurgreitt lánið eða rift ábyrgðinni þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁵⁸ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið aðstoð til endurskipulagninga, ef þau sæta ekki lengur skilyrðum endurskipulagningaráætlunar þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁵⁹ Sjá einnig 118. gr. tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar varðandi ríkisaðstoð á grundvelli 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins C/2016/2946, Stjórd ESB C 262 frá 19.7.2016, bls. 1-50.

hinn bóginn teljast þau veita tilteknum fyrirtækjum sértækt hagræði ef þau takmarkast við tilteknar atvinnugreinar, svæði eða tegundir fyrirtækja.]

43. Teljist slíkar ráðstafanir ríkisaðstoð mun framkvæmdastjórnin telja þær samrýmanlegar innri markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
- [Markmið með aðstoðinni sé að forðast uppsagnir meðan á COVID-19-faraldrinum stendur (og að tryggja áframhaldandi atvinnustarfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga).]
 - Aðstoð sé veitt í formi kerfa til handa fyrirtækjum í tilteknum atvinnugreinum eða á tilteknum svæðum, eða fyrirtækjum af tiltekinni stærð, sem hafa orðið fyrir sérlega miklum áhrifum vegna útbreiðslu COVID-19.
 - [Veiting stakrar aðstoðar samkvæmt launastyrkjakerfinu fari fram eigi síðar en 31. desember 2021, vegna starfsfólks sem ella hefði verið sagt upp í kjölfar stöðvunar eða samdráttar á starfsemi sökum útbreiðslu COVID-19 (eða vegna sjálfstætt starfandi einstaklinga hvers atvinnustarfsemi hefur orðið fyrir neikvæðum áhrifum af COVID-19-faraldrinum) og sé háð því skilyrði að starfsmenn sem njóti hennar séu áfram á launaskrá á öllu tímabili launaaðstoðarinnar (eða háð því skilyrði að viðkomandi atvinnustarfsemi sjálfstætt stafandi einstaklinga sé viðvarandi allt tímabilið sem aðstoðin er veitt fyrir).]
 - [Mánaðarleg launaaðstoð takmarkist við 80% af brúttólaunum (þ.m.t. tryggingagjöldum) viðkomandi starfsmanna (eða 80% af meðaltekjum sem jafngilda meðalmánaðarlaunum sjálfstætt starfandi einstaklings). Einnig mega aðildarríki tilkynna, sérstaklega vegna láglunaafólks, aðrar aðferðir til útreiknings aðstoðarhlutfalls, svo sem að nota meðallaun á landsvísu, lágmarkslaun eða brúttómeðallaun viðkomandi starfsfólks (eða meðaltekjum sem jafngilda meðalmánaðarlaunum sjálfstætt starfandi einstaklings) fyrir COVID-19 faraldurinn sem viðmið, enda sé gætt að meðalhófi aðstoðarinnar.]
 - Launaaðstoð megi leggja saman við aðrar almennar eða sértækar atvinnustyðjandi ráðstafanir, enda leiði samanlögð aðstoð ekki til ofgreiðslu launa viðkomandi starfsmanna. Einnig má leggja launaaðstoð saman við frestun á greiðslu skatta og tryggingagjalda.]

- [43.a Að því leyti sem slíkt kerfi gildir einnig um starfsfólk lánastofnana eða fjármálfyrirtækja er markmiðið með aðstoð handa þessum stofnunum ekki að varðveita eða endurheimta rekstrarhæfni, lausafjárstöðu eða gjaldfærni fyrirtækjanna, í ljósi þess að aðalmarkmið slíkrar aðstoðar er félagslegs eðlis.⁶⁰ Þar af leiðandi lítur framkvæmdastjórnin svo á að slík aðstoð skuli hvorki flokkast sem sérstakur opinber fjárvæningur skv. 28. lið 1. mgr. 2. gr. BRRD og 29. lið 1. mgr. 3. gr. SRMR né flokkast undir reglur um ríkisaðstoð sem gilda um bankastarfsemi.⁶¹]

3.11. Endurfjármögnumnar ráðstafanir

44. Tímabundinn rammi þessi setur fram forsendurnar samkvæmt reglum ESB um ríkisaðstoð, sem mynda grundvöll fyrir aðstoð aðildarríkja í formi eiginfjárgerninga og/eða blendingsfjármálagerninga til handa fyrirtækjum sem eru illa stödd fjárhagslega vegna

⁶⁰ Sjá hliðstæðu í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. SA.49554-CY um kýpverskt kerfi vegna vanskilalána tryggðra af aðalibúðarhúsnæði (Estia), málsgrein 73 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. SA.53520-EL um kerfi til verndar aðalibúðarhúsnæðis, málsgrein 71.

⁶¹ Sjá 6. gr. þessarar orðsendingar.

útbreiðslu COVID-19.⁶² Markmið hans er að tryggja að röskun á efnahagslífi leiði ekki til óþarfa brottafalls af markaði meðal fyrirtækja sem voru lífvænleg áður en faraldurinn skall á. Þess vegna má endurfjármögnun ekki vera umfram lágmarksupphæð sem þörf er á til að tryggja lífvænleika aðstoðarþegans og ekki ganga lengra en að koma fjármagnsskipan hans aftur í fyrra horf. Stór fyrirtæki skulu gera grein fyrir því hvernig veitt aðstoð styður við starfsemi þeirra í takt við markmið ESB sem og skuldbindingar aðildarríkja í tengslum við hina grænu og stafrænu umbreytingu, þ.m.t. markmið ESB um loftslagshlutleysi fyrir árið 2050.

45. Á sama tíma leggur framkvæmdastjórnin áherslu á að opinber stuðningur í formi eiginfjárgerninga og/eða blendingsfjármálagerninga, sem hluti af aðstoðarkerfi eða sem stök ráðstöfun, skuli einungis koma til greina ef engin önnur viðeigandi lausn finnst. Auk þess ætti útgáfa slíkra gerninga að lúta ströngum skilyrðum, þar sem þeir raska mjög samkeppnisstöðu milli fyrirtækja. Slíkt inngríp skal þess vegna lúta skýrum skilyrðum varðandi innkomu, endurgjald og útgöngu ríkisins úr eignarhaldi á eigin fé viðkomandi fyrirtækja, sem og varðandi stjórnarhætti og viðeigandi ráðstafanir til að takmarka röskun á samkeppni. Í því sambandi tekur framkvæmdastjórnin fram að ef aðildarríki móta aðstoðaráðstafanir þannig að þær uppfylli markmið ESB um græna og stafræna umbreytingu viðkomandi hagkerfis mun slíkt stuðla að sjálfbærari langtímagexti auk þess að stuðla að því að samþykkt markmið ESB um loftslagshlutleysi náist eigi síðar en árið 2050.

3.11.1. Gildissvið

46. Eftirfarandi skilyrði gilda um endurfjármögnunarkerfi og stakar endurfjármögnunarráðstafanir aðildarríkja til handa fyrirtækjum öðrum en fjármálfyrirtækjum (samheiti „COVID-19-endurfjármögnunarráðstafanir“) skv. þessari orðsendingu sem ekki falla undir kafla 3.1 orðsendigarinnar. Þessi skilyrði gilda um COVID-19-endurfjármögnunarráðstafanir fyrir stór fyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki.⁶³
47. Einnig gilda eftirfarandi skilyrði um víkjandi skuldabréf umfram báðar tilgreindar hámarksfjárhæðir skv. i-lið og ii-lið 27. gr. b. í kafla 3.3 þessarar orðsendigarinnar.
48. [COVID-19-endurfjármögnunaraðstoð skal veita eigi síðar en 31. desember 2021.]

3.11.2. Hæfis- og inngönguskilyrði

49. COVID-19-endurfjármögnunaraðstoð skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- Án ríkisaðstoðar yrði aðstoðarþegi að hætta starfsemi eða ætti í alvarlegum erfiðleikum með að halda áfram rekstri. Slíkir erfiðleikar geta endurspeglast sér í lagi í versnandi hlutfalli milli skulda og eigin fjár, eða viðlíka vísbindingum;
 - Það er í þágu sameiginlegra hagsmuna að grípa inn í reksturinn. Þetta getur tengst því að afstýra félagslegum erfiðleikum og markaðsbresti vegna umfangsmikils atvinnutaps, brottafalls nýsköpunarfyrirtækis, brottafalls kerfislega mikilvægs fyrirtækis, hættu á röskun á mikilvægri þjónustu eða annars sambærilegs ástands samkvæmt tilhlýðilegum rökstuðningi viðkomandi aðildarríkis;
 - Aðstoðarþegi getur ekki fengið markaðsfjármögnun á viðráðanlegum kjörum og fyrirliggjandi þverlægar lausafjárráðstafanir innan viðkomandi aðildarríkis duga ekki til að tryggja lífvænleika hans; og

⁶² Í kafla 3.1 þessarar orðsendigarinnar er þegar gert ráð fyrir þeim möguleika að bjóða aðstoð í formi eiginfjárg- og/eða blendingsfjármálagerninga, en að mun lægra nafnvirði.

⁶³ Eins og fram kemur í 16. gr. orðsendigarinnar er áfram mögulegt að tilkynna um annars konar nálganir skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE.

- d. Aðstoðarþegi var ekki þegar í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu) þann 31. desember 2019;⁶⁴
- [d.(a) Þráttr fyrir það sem að framan segir má veita örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu) sem þegar voru í erfiðleikum þann 31. desember 2019 björgunaraðstoð, að því tilskildu að þau sæti ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum og að þau hafi ekki fengið neyðaraðstoð⁶⁵ eða endurskipulagningarástóð⁶⁶.]
50. Aðildarríki skulu einungis grípa til COVID-19-endurfjármögnumunarráðstafana samkvæmt aðstoðarkerfi sem samþykkt hefur verið af framkvæmdastjórninni í kjölfar skriflegrar aðstoðarbeiðni frá tilvonandi aðstoðarþegum. Í tilfelli stakrar aðstoðar sem tilkynna verður til framkvæmdastjórnarinnar skal aðildarríki framvísa gögnum er sanna tilvist slíkrar skriflegrar beiðni sem hluta af tilkynningunni til framkvæmdastjórnarinnar.
51. Skilyrði í þessum kafla sem og í köflum 3.11.4, 3.11.5, 3.11.6 og 3.11.7 gilda um bæði COVID-19-endurfjármögnumunarkerfi og sértækar aðstoðarráðstafanir. Við samþykki á endurfjármögnumunarkerfi mun framkvæmdastjórnin óska eftir sérstakri tilkynningu um staka aðstoð umfram EUR 250m. Í tengslum við slíkar tilkynningar mun framkvæmdastjórnin meta hvort fáanleg markaðsfjármögnum eða fyrirliggjandi þverlægar lausafjárráðstafanir dugi til að tryggja lífvænleika aðstoðarþegans; hvort valdir endurfjármögnumunargerningar og skilyrði þeim tengd séu til þess fallin að takast á við hina alvarlegu erfiðleika aðstoðarþega; hvort aðstoðarráðstöfunin sé í samræmi við meðalhófsregluna; og hvort skilyrði þessa kafla sem og kafla 3.11.4, 3.11.5, 3.11.6 og 3.11.7 séu uppfyllt.

3.11.3. Tegundir endurfjármögnumunarráðstafana

52. Aðildarríki geta boðið upp á tvenns konar COVID-19-endurfjármögnumunarráðstafanir:
- með eiginfjárgerningum, sér í lagi útgáfu á nýju almennu- eða forgangshlutafé; og/eða
 - með gerningum sem hafa eiginfjárluta (blendingsfjármálagerningum),⁶⁷ sér í lagi ágóðahlutdeildarrétt eða þögula meðeign; og tryggðum eða ótryggðum breytilegum skuldabréfum.
53. Inngrip aðildarríkisins getur verið í formi einhverrar tegundar ofangreindra gerninga, eða samsetningu af eiginfjár- og blendingsfjármálagerningi. Aðildarríki geta einnig sölutryggt ofangreinda gerninga í samhengi við markaðsútboð, að því tilskildu að hvers konar inngrip aðildarríkis í starfsemi aðstoðarþega í kjölfarið uppfylli tilgreind skilyrði skv. þessum kafla 3.11 orðsendigarinnar. Skal aðildarríki tryggja að gerningarnir sem valdir eru til endurfjármögnumunar og skilyrði þeim tengd séu vel til þess fallnir að mæta endurfjármögnumunarþörf aðstoðarþega en á sama tíma feli í sér sem minnsta röskun á samkeppni.

⁶⁴ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB L 187 frá 26.6.2014, bls. 1).

⁶⁵ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið björgunaraðstoð, hafi þau endurgeitt lánið eða rift ábyrgðinni þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁶⁶ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið aðstoð til endurskipulagningars, ef þau sæta ekki lengur skilyrðum endurskipulagningaráætlunar þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁶⁷ Blendingsfjármálagerningar eru gerningar sem hafa eiginleika bæði skulda og eiginfjár. Til dæmis er greitt af breytanlegum skuldabréfum eins og af venjulegum skuldabréfum þangað til þeim er breytt í eigið fé. Þar af leiðandi er matið á heildarþóknun vegna blendingsfjármálagerninga háð tvennu: hver þóknunin sé á meðan þeir eru skuldagerningar, og hver skilyrði fyrir breytingu þeirra í eiginfjárgerninga séu.

3.11.4. Fjárhæð endurfjármögnunar

54. [Til að tryggja meðalhóf aðstoðarinnar skal upphæð COVID-19-endurfjármögnunar ekki vera hærri en það lágmark sem þarf til að tryggja lífvænleika aðstoðarþega og ætti ekki að ganga lengra en að koma fjármagnsskipan aðstoðarþega í sama horf og fyrir COVID-19-faraldurinn, þ.e.a.s. eins og ástatt var þann 31. desember 2019. Við mat á meðalhófi aðstoðarinnar skal taka tillit til fenginnar eða fyrirhugaðrar ríkisaðstoðar vegna útbreiðslu COVID-19.^{68]}]

3.11.5. Þóknun og útganga aðildarríkis

Almennar grundvallarreglur

55. Ríkið skal fá viðeigandi þóknun vegna fjárfestingarinnar. Því nær markaðskjörum sem þóknun er, þeim mun minni verður hugsanleg röskun á samkeppni vegna innngripa ríkisins.
56. Innleysa skal endurfjármögnumarráðstafanir vegna COVID-19 þegar hagkerfið hefur náð stöðugleika á ný. Framkvæmdastjórnin telur viðeigandi að gefa aðstoðarþega nægan tíma til að innleysa endurfjármögnumarráðstöfunina. Skal aðildarríki koma á kerfi sem hvetur til innlausnar í áföngum.
57. Þóknun vegna COVID-19-endurfjármögnumarráðstafana skal hækka til samræmis við markaðsverð í því skyni að hvetja bæði aðstoðarþega og aðra hluthafa til að innleysa ráðstöfunina, og til að lágmarka mögulega röskun á samkeppni.
58. Þar af leiðandi er mikilvægt að COVID-19-endurfjármögnumarráðstafanir feli í sér viðeigandi hvatningu fyrir fyrirtæki að innleysa ráðstöfunina og sækjas eftir annari fjármögnun þegar markaðsaðstæður leyfa, með því að krefjast nægjanlega hárrar þóknunar.
59. Í staðinn fyrir neðangreindar aðferðir við ákvörðun á þóknun mega aðildarríki tilkynna kerfi eða stakar ráðstafanir þar sem þóknunaraðferðin er löguð að eiginleikum og forgangsákvæðum eiginfjárgernings, að því tilskildu að þær ráðstafanir leiði þegar á heildina er litið til svipaðrar útkomu m.t.t. hvatningaráhrifa varðandi útgöngu ríkisins og svipaðra heildaráhrifa á þóknun ríkisins.

Þóknun vegna eiginfjárgerninga

60. Eiginfjárfamlag frá ríkinu eða sambærilegt inngríp skal framkvæmt á verði sem er ekki hærra en meðalgengi hlutabréfa aðstoðarþega síðustu 15 daga fyrir beiðni um eiginfjárfamlagið. Sé aðstoðarþegi ekki skráð félag skal áætlað markaðsvirði þess metið af óháðum sérfræðingi eða á annan viðeigandi hátt.
61. Endurfjármögnumarráðstöfun skal fela í sér þrepakerfi er hækki þóknun ríkisins í því skyni að hvetja aðstoðarþega að endurkaupa fjármagnsframlagið. Slík hækkun á þóknun getur verið í formi viðbótarhlutafjár⁶⁹ sem veitt sé ríkinu eða í öðru formi, og skal hún samsvara a.m.k. 10% hækkun á þóknun ríkisins (vegna þátttöku er stafi af COVID-19-eiginfjárfamlagi sem ekki hafi verið endurgreitt) vegna hvers þreps þrepakerfisins:
- a. Virkja skal þrepakerfið fjórum árum eftir að COVID-19-eiginfjárfamlagið var veitt ef aðildarríkið hefur ekki selt a.m.k. 40% af eiginfé sínu vegna COVID-19-eiginfjárbátttöku.

⁶⁸ Að því er varðar þennan kafla 3.11.4 skulu blendingsfjármálagerningar sem ríkið veitir teljast til eigin fjár.

⁶⁹ T.d. er hægt að úthluta viðbótarhlutabréfum með útgáfu breytanlegra skuldabréfa m.v. dagsetningu endurfjármögnumnar, sem breytast í eigið fé á gildisdegi þrepakerfisins.

- b. Virkja skal þrepakerfið aftur sex árum eftir að COVID-19-eiginfjárframlagið var veitt ef aðildarríkið hefur ekki selt allt eiginfó sitt vegna COVID-19-eiginfjárþáttöku.⁷⁰

Sé aðstoðarþegi ekki skráð félag getur aðildarríki ákveðið að innleiða annað hvort eða bæði þrepin ári síðar, s.s. fimm og sjö árum eftir að COVID-19-eiginfjárframlag var veitt.

62. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt aðrar lausnir, að því tilskildu að þær leiði þegar á heildina er litið til svipaðrar útkomu m.t.t. hvatningaráhrifa varðandi útgöngu ríkisins og svipaðra heildaráhrifa á þóknun ríkisins.
63. Aðstoðarþegi skal á hverjum tíma hafa möguleika á að endurkaupa hlutaféð sem ríkið hefur eignast. Til að tryggja að ríkið fái viðeigandi þóknun fyrir fjárfestinguna skal endurkaupaverð vera (i) nafnvirði fjárfestingar ríkisins ásamt árlegri þóknun sem er 200 grunnpunktum hærri en í neðangreindri töflu,⁷¹ eða (ii) markaðsvirði á þeim tíma er endurkaup eiga sér stað, hvort heldur sem er hærra.
64. [Að öðrum kosti getur ríkið selt eiginfjárluta sinn hvenær sem er á markaðsverði til kaupenda annarra en aðstoðarþega. Við þess konar sölu er að jafnaði nauðsynlegt að viðhafa opið samráð á jafnrædisgrundvelli við væntanlega kaupendur eða sölu á hlutabréfamarkaðinum. Ríkið getur gefið skráðum hluthöfum, þ.e.a.s. hluthöfum fyrir COVID-19-endurfjármögnum, forgangsrétt til að kaupa á því verði sem leiðir af opna samráðinu. Ef ríkið selur eiginfjárlut sinn á verði sem er lægra en lágmarksverð sem mælst er fyrir um í 63. gr., skulu reglur um stjórnunarhætti sem tilgreindar eru í kafla 3.11.6 gilda áfram í fjögur ár hið minnsta eftir að COVID-19-innspýting á fjármagni var veitt.]
- [64.a Ef ríkið er eini hluthafinn getur innlausn COVID-19-endurfjármögnum verið með eftirfarandi hætti, þrátt fyrir 64. gr., að því tilskyldu að tvö ár hafi liðið frá því COVID-19-endurfjármögnum var veitt:
- a. ekki er krafist söluferlisins sem vísað er til í 64. gr. og
 - b. hinu opna samráði sem fer fram án mismununar og vísað er til í 64. gr. má skipta út og fyrir mat á aðstoðarþega sem framkvæmt er af aðila sem er óháður bæði gagnvart lántaka og ríkinu. Ef niðurstaða matsins er sú að til staðar sé jákvætt markaðsverð skal ríkið teljast hafa dregið sig út úr COVID-19-endurfjármögnuminni jafnvel þótt lántakinn sé í eigu ríkisins. Ef jákvæða markaðsvirði er þrátt fyrir það lægra en lágmarksverðið sem tiltekið er í 63. gr. skulu reglur um stjórnunarhætti sem tilgreindar eru í kafla 3.11.6 vera áfram í gildi þar til fjórum árum eftir veitingu COVID-19-aðgerðarinnar til endurfjármögnum. Vegna COVID-19-endurfjármögnumaraðgerða sem eru hærri en EUR 250 milljónir skal aðildarríkið leggja fram slíkt óháð mat fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin getur að eigin frumkvæði í hverju tilviki farið fram á að lögð sé fram óháð matsskýrsla og metið hana til að tryggja að hún samrýmist staðli sem settur var til að tryggja að viðskipti samrýmist háttsemi á markaði.
- 64.b Ef ríkið er eini hluthafinn skal innlausn á COVID-19-endurfjármögnum vera með eftirfarandi hætti, sem valkostur við 64. gr., að því tilskyldu að tvö ár hafi liðið síðan COVID-19-endurfjármögnum var veitt:
- a. Hvað varðar þann hluta COVID-19-eiginfjár sem ríkið þyrfti að halda eftir til þess að enduruppbyggja hlutafjáreign eins og hún var fyrir COVID-19-endurfjármögnum þá á

⁷⁰ T.d. ef þrepakerfið gerir ráð fyrir úthlutun viðbótarhlutabréfa til ríkisins. Sé eignarhald ríkisins í aðstoðarþega 40% í kjölfar eiginfjárframlags og hafi ríkið ekki selt eignarhlut sinn á umbeðnum degi skal eignarhlutur ríkisins hækka um a.m.k. $0,1 \times 40\% = 4\%$, í 44% fjórum árum eftir að COVID-19-eiginfjárframlag var veitt og 48% sex árum eftir að COVID-19-eiginfjárframlag var veitt, og skal eignarhlutur annarra hluthafa lækka sem því nemur.

⁷¹ Hækkunin um 200 bp gildir ekki á 8. ári og þar á eftir.

64. gr. a við. Ef ríkið selur umtalsverðan hluta af eiginfélum aðstoðarþegans til einkafjárfesta með samkeppnisferli eins og vísað er til í 64. gr. þá getur það ferli talist óháð mat í skilningi 64. gr. a.

- b. Hvað varðar það sem eftir er COVID-19-eiginfjár gildir 64. gr. Þetta felur sér í lagi í sér þörfina á að framfylgja samkeppnisferli. Ríkið hefur ekki forgangsrétt sem getið er í 64. gr. þar sem það hefur þegar nýtt sér þann rétt með því að beita stafl. a hér að framan.⁷²

Þegar innlausn á COVID-19-endurfjármögnum varðar aðeins brot af COVID-19-eigin félum eiga stafl. a og b hér að framan við um þann hluta COVID-19-eiginfjár.]

Póknun vegna blendingsfjármálagerninga

65. Heildarþóknun vegna blendingsfjármálagerninga verður að taka nægjanlegt tillit til eftirfarandi atriða:
- eiginleika valins gernings, þ.m.t. að hvaða marki hann er víkjandi, áhættustig og allra tegunda greiðslna;
 - innbyggðrar hvatningar til útgöngu (s.s. þrepakerfa og innlausnarákvæða); og
 - viðeigandi viðmiðunarvaxta.

66. Lágmarksþóknun vegna blendingsfjármálagerninga, þangað til þeim er breytt í eiginfjárgerninga eða svipaða gerninga, skal eigi vera lægri en grunnþóknun (eins árs IBOR-vextir eða samsvarandi skv. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar⁷³) ásamt álagi sbr. neðangreint.

Þóknun vegna blendingsfjármálagerninga: eins árs IBOR +

Tegund aðstoðarþega	1. ár	2. og 3. ár	4. og 5. ár	6. og 7. ár	8. ár og þar á eftir
Lítill og meðalstór fyrirtæki	225 bp	325 bp	450 bp	600 bp	800 bp
Stór fyrirtæki	250 bp	350 bp	500 bp	700 bp	950 bp

67. Blendingsfjármálagerningum skal breytt í eigið félum á verði sem er a.m.k. 5 prósentum fyrir neðan svokallað fræðilegt verð án áskriftarréttar (TERP) á þeim tíma er breytingin á sér stað.

⁷² Dæmi: Fyrir endurfjármögnum á ríkið 50% af fyrirtæki sem fær aðstoð. Í kjölfarið á COVID-19-endurfjármögnum á ríkið 90% af fyrirtækinu (10% hlutafjáreignarinnar varðar hluti sem eru í eigu ríkisins fyrir COVID-19 og 80% hlutafjáreignarinnar varðar COVID-19-hluti. Tveimur árum eftir COVID-19 endurfjármögnum selur ríkið 40% af fyrirtækinu (sem svarar til 50% af COVID-19-hlutunum) í samkeppnisferli til einkafjárfesta (með jákvætt markaðsvirði) með beitingu stafl. b í 64. gr. b. Ríkið heldur eftir þeim hlut sem eftir er með beitingu stafl. a í 64. gr. b. Sölunni svipar til óháðs verðmats á fyrirtækinu. Ríkið er talið hafa innleyst COVID-19-endurfjármögnumuna þar sem hluti af COVID-19-hlutabréfunum sem það heldur eftir færir hlutafjáreignina upp að því sem hún var fyrir COVID-19, þ.e.a.s. 50% og er jafngild því að ríkið neyti forgangsréttar síns skv. 64. gr. Ef markaðsvirði COVID-19-eiginfjár er lægra en lágmarksverðið sem tilgreint er í 63. gr. skulu reglur um stjórnarhætti, tilgreindar í kafla 3.11.6, gilda áfram í tvö ár í viðbót.

⁷³ Grunnvextir útreiknaðir samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á aðferðafræði við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjórd. ESB C 14 frá 19.01.2008, bls. 6) og birt á vefsíðu DG Competition: https://ec.europa.eu/competition/state_aid/legislation/reference_rates.html.

68. Í kjölfar breytingu í eigið fé verður að koma á þrepakerfi til að hækka þóknun ríkisins, í því skyni að hvetja aðstoðarþega að endurkaupa eiginfjárframlög. Sé eigið fé sem stafar af COVID-19-inngripi ríkisins enn í ríkiseigu tveimur árum eftir að breytingin í eigið fé átti sér stað skal ríkið fá annan eignarhlut í fyrirtækinu, til viðbótar við eftirstandandi eignarhlut ríkisins sem stafar af breytingu á COVID-19-blendingsfjármálagerningum. Skal viðbótareignarhluturinn vera a.m.k. 10% af eftirstandandi eignarhlut ríkisins sem stafar af breytingu á COVID-19-blendingsfjármálagerningum. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt önnur þrepakerfi, að því tilskildu að þau hafi sams konar hvatningaráhrif og svipuð heildaráhrif á þóknun ríkisins.
69. Aðildarríki geta valið verðlagningarformúlu sem felur í sér viðbótarákvæði um þrep eða endurgreiðslu. Slík ákvæði skal hanna þannig að þau hvetji til snemmbúinna endaloka á endurfjármögnunarstuðningi ríkisins við aðstoðarþega. Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt aðrar verðlagningaraðferðir, að því tilskildu að þær leiði til þóknunar sem er hærri en eða svipuð þeirri sem fæst með ofangreindri aðferðarfræði.
70. Þar sem blendingsgerningar eru mismunandi í eðli sínu veitir framkvæmdastjórnin ekki leiðsögn um allar tegundir þeirra. Í öllu falli skulu blendingsgerningar fylgja ofangreindum meginreglum, þar sem þóknunin endurspeglar áhættu viðkomandi gernings.

3.11.6. Stjórnarhættir og varnir gegn ótilhlýðilegri röskun á samkeppni

71. Til að koma í veg fyrir óhóflega röskun á samkeppni mega aðstoðarþegar ekki efna til meiri háttar aukningar á starfsemi sem fjármögnuð er með ríkisaðstoðinni eða með óhóflegri áhættu af hálfu aðstoðarþega. Meginreglan skal vera sú að því smærri sem eignarhlutur aðildarríkis sé og því hærri sem þóknunin sé, þeim mun minni þörf sé á varnarráðstöfunum.
72. Ef aðstoðarþegi sem móttékur COVID-19-endurfjármögnunarráðstöfun umfram EUR 250m er fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á a.m.k. einum viðkomandi markaði þar sem það starfar skulu aðildarríki gera tillögur um viðbótarráðstafanir til að vernda virka samkeppni á þeim mörkuðum. Við framlagningu þessara tillagna mega aðildarríki sér í lagi bjóða skipulagslegar eða atferlislegar skuldbindingar sem fyrirséðar voru í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um leyfileg úrræði skv. reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 og skv. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004.
73. Aðstoðarþegum sem móttaka COVID-19-endurfjármögnunarráðstafanir er óheimilt að auglýsa þær í viðskiptalegum tilgangi.
74. Svo lengi sem a.m.k. 75% COVID-19-endurfjármögnunarráðstafana hafi ekki verið innleyst er aðstoðarþegum öðrum en litlum og meðalstórum fyrirtækjum óheimilt að eignast meira en 10% eignarhlut í samkeppnisaðilum eða öðrum aðilum í sams konar rekstri, þ.m.t. aðilum á aðliggjandi og fráliggjandi mörkuðum.
75. Við sérstakar aðstæður, og þrátt fyrir eftirlit með samruna eða samfylkingu fyrirtækja, mega slíkir aðstoðarþegar eignast meira en 10% eignarhlut í aðilum á aðliggjandi eða fráliggjandi mörkuðum en einungis ef kaupin eru nauðsynleg til að viðhalda lífvænleika aðstoðarþega. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt kaupin ef þau eru nauðsynleg til að viðhalda lífvænleika aðstoðarþega. Kaupin mega ekki koma til framkvæmda fyrr en framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um þetta atriði.
76. Ríkisaðstoð skal ekki notuð til víxlniðurgreiðslu á starfsemi samþættra fyrirtækja sem var þegar í rekstrarerfiðleikum þann 31. desember 2019. Samþætt fyrirtæki skulu hafa skýrt afmarkað bókhald til að tryggja að endurfjármögnunarráðstöfun sé ekki notuð í þágu þeirrar starfsemi.

77. Svo lengi sem COVID-19-endurfjármögnunarráðstafanir hafi ekki verið innleystar að fullu er aðstoðarþegum óheimilt að greiða arð, greiða aukalegar afborganir eða kaupa eigin hlutabréf nema af ríkinu.
78. [Meðan að minnsta kosti 75% af COVID-19-endurfjármögnunarráðstöfunum hafa ekki verið innleystar skal þóknun til hvers aðila framkvæmdastjórna aðstoðarþega ekki vera hærri en fastur hluti þóknunar hans þann 31. desember 2019. Hvað varðar einstaklinga sem verða hluti af framkvæmdastjórn við eða eftir endurfjármögnunina skulu hin gildandi mörk vera fasta þóknunin til aðila framkvæmdastjórna með sama ábyrgðarstig þann 31. desember 2019. Ekki skal undir neinum kringumstæðum greiða kaupauka eða aðra breytilega eða sambærilega þóknun.]
- [78.a] Þar sem ríkið er skráður hluthafi, þ.e.a.s. fyrir COVID-19-hlutfjáraukningu og:
- hlutfjáraukning ríkisins er á sömu forsendum og einkafjárfestar og í hlutfalli við skráða hlutfjáraukninguna (eða lægra) og
 - þátttaka einkaaðila er umtalsverð (að jafnaði ekki minni en 30% af hlutfjáraukningunni), og
 - hlutfjáraukning ríkisins telst fela í sér ríkisaðstoð vegna sérstakra aðstæðna, til dæmis vegna annarra ráðstafana í þágu fyrirtækisins,
- er ekki nauðsynlegt að setja sérstök skilyrði hvað varðar útgöngu ríkisins og eftirfarandi skal eiga við:
- i. 61. og 62. gr. eiga ekki við um slíka COVID-19-hlutfjáraukningu;
 - ii. sem frávik frá 74., 75. og 78. gr. er yfirtökubannið og hámark á þóknun til framkvæmdastjórna takmarkað við þrjú ár;
 - iii. sem frávik frá 77. gr. er banni á arðgreiðslur aflétt fyrir eigendur nýs hlutfjár. Hvað varðar hlutafé sem fyrir er, er arðgreiðslubanni aflétt að því tilskildu að eigendur þess séu þynntir niður fyrir 10% í félagini. Ef eigendur hlutfjár sem fyrir er eru ekki þynntir niður fyrir 10% á bannið á arðgreiðslum við um þá í þrjú ár. Hvað sem öðru líður þá skal greiðslan fyrir blandaða fjármögnun vegna COVID-19 og fyrir víkjandi lán í eigu ríkisins greiðast út áður en arðgreiðslur eru greiddar til hluthafa á hverju tilteknu ári;
 - iv. kröfur í kafla 3.11.7 eiga ekki við nema fyrir skyldubundin skýrsluskil samkvæmt 83. gr. sem skal eiga við í þrjú ár; og
 - v. öll önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í kafla 3.11 eiga við að breyttu breytanda.
- 78.b) Þar sem ríkið setur hlutafé í fyrirtæki sem það er ekki skráður hluthafi í (þ.e.a.s. fyrir COVID-19-hlutfjárinnsþýtinguna) og
- hlutfjáraukning ríkisins er á sömu forsendum og einkafjárfestir, og
 - þátttaka einkaaðila er umtalsverð (að jafnaði ekki minni en 30% af hlutfjáraukningunni), og
 - hlutfjáraukning ríkisins telst fela í sér ríkisaðstoð vegna sérstakra aðstæðna, til dæmis vegna annarra ráðstafana í þágu fyrirtækisins,
- skal eftirfarandi eiga við:
- i. sem frávik frá 77. gr. skal arðgreiðslubann vera afnumið fyrir alla eigendur nýs hlutfjár. Hvað varðar hlutafé sem fyrir er, er arðgreiðslubanni aflétt að því tilskildu að eigendur þess séu þynntir niður fyrir 10% í félagini. Hvað sem öðru

líður þá skal greiðslan fyrir blandaða fjármögnun vegna COVID-19 og fyrir víkjandi lán í eigu ríkisins greiðast út áður en arðgreiðslur eru greiddar til hluthafa á hverju tilteknu ári, og

- ii. öll önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í kafla 3.11 eiga við að breyttu breytanda.]

3.11.7. Útganga úr þátttöku ríkisins sem orsakast af endurfjármögnum og tilkynningarskyldur

79. Aðstoðarþegar aðrir en lítil og meðalstór fyrirtæki sem notið hafa COVID-19-endurfjármögnumar er samsvarar meira en 25% af eigin fé á þeim degi sem íhlutunin átti sér stað skulu leggja fram trúverðuga áætlun um útgöngu úr þátttöku aðildarríkis, nema þátttaka ríkisins sé lækkuð niður fyrir 25% af eigin fé innan 12 mánaða frá því að ríkisaðstoðin var veitt.⁷⁴
80. Í útgönguáætlun skal koma fram eftirfarandi:
 - a. áætlun aðstoðarþega um áframhald starfseminnar og notkun á fjármunum sem ríkið fjárfesti, þ.m.t. áætlun um greiðslu þóknunar og um innlausn fjárfestingar ríkisins (samан nefnd „endurgreiðsluáætlun“); og
 - b. ráðstafanir sem aðstoðarþegi og ríkið muni grípa til í því skyni að fylgja endurgreiðsluáætluninni.
81. Útgönguáætlunina skal undirbúa og láta aðildarríki í té innan 12 mánaða frá veitingu aðstoðar og skal hún samþykkt af aðildarríkinu.
82. Til viðbótar við skuldbindingarnar skv. 79.-81. gr. skulu aðstoðarþegar gera aðildarríkinu grein fyrir framvindu endurgreiðsluáætlunar og uppfyllingu skilyrða skv. kafla 3.11.6 innan 12 mánaða frá framsetningu endurgreiðsluáætlunar, og á 12 mánaða fresti þar á eftir.
83. Svo lengi sem COVID-19-endurfjármögnumarráðstafanir hafi ekki verið innleystar að fullu skulu aðstoðarþegar aðrir en lítil og stór fyrirtæki birta upplýsingar um notkun á fenginni aðstoð innan 12 mánaða frá veitingu hennar, og á 12 mánaða fresti þar á eftir. Sér í lagi skulu þeir setja fram upplýsingar um hvernig notkun á veittri aðstoð styður við starfsemi þeirra í takt við markmið ESB sem og skuldbindingar aðildarríkja í tengslum við hina grænu og stafrænu umbreytingu, þ.m.t. markmið ESB um loftslagshlutleysi fyrir árið 2050.
84. Aðildarríki skal gera framkvæmdastjórninni árlega grein fyrir framgöngu endurgreiðsluáætlunar og uppfyllingu skilyrða skv. kafla 3.11.6. Hafi aðstoðarþegi fengið COVID-19-endurfjármögnum umfram EUR 250m skal einnig gera grein fyrir uppfyllingu skilyrða skv. 54. gr.
85. Hafi endurfjármögnumaraðstoð ríkisins ekki verið lækkuð niður fyrir 15% af eigin fé aðstoðarþega sex árum síðar skal leggja fram endurskipulagningaráætlun skv. leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar til samþykktar hjá framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin mun meta hvort aðgerðirnar samkvæmt endurskipulagningaráætluninni tryggi lífvænleika aðstoðarþega, einnig með tilliti til markmiða ESB og skuldbindinga aðildarríkja í sambandi við hina grænu og stafrænu umbreytingu, og tryggi útgöngu ríkisins án þess að hindra viðskipti að svo miklu leyti að það vinni gegn sameiginlegum hagsmunum. Sé aðstoðarþegi ekki skráð félag, eða sé hann lítið eða meðalstórt fyrirtæki, er aðildarríki heimilt að ákveða að tilkynna endurskipulagningaráætlun einungis ef aðstoð ríkisins hefur ekki verið lækkuð niður fyrir 15% af eigin fé sjö árum eftir veitingu COVID-19-endurfjármögnumar.]

⁷⁴ Í samhengi þessa undirkafla 3.11.7 skulu blendingsfjármálagerningar veittir af ríkinu flokkast sem eigið fé.

[3.12 Aðstoð í formi stuðnings vegna ógreidds fastakostnaðar

86. Aðildarríki geta gert ráð fyrir framlögum vegna ógreidds fastakostnaðar þeirra fyrirtækja sem hafa orðið fyrir því vegna COVID-19-faraldursins að starfsemi þeirra hafi stöðvast eða dregist saman.
87. Ef slíkar aðgerðir teljast vera aðstoð mun framkvæmdastjórnin líta svo á að þær séu samrýmanlegar innri markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- [Aðstoðin sé veitt ekki síðar en 31. desember 2021 og nái yfir ógreiddan áfallinn fastakostnað á tímabilinu milli 1. mars 2020 og 31. desember 2021, þá m. áfallinn fastakostnað á hluta þess tímabils („aðstoðarhæft tímabil“).]
 - Aðstoðin er veitt á grundvelli kerfis fyrir fyrirtæki sem verða fyrir minnkaðri veltu á aðstoðarhæfu tímabili sem nemur að minnsta kosti 30% miðað við sama tímabil árið 2019.⁷⁵
 - Ógreiddur fastakostnaður er áfallinn fastakostnaður fyrirtækja á aðstoðarhæfu tímabili sem fellur ekki undir hagnaðarframlagið (þ.e. tekjur mínus breytilegur kostnaður) á sama tímabili og sem fellur ekki undir aðrar tekjustofna svo sem tryggingar, tímabundna aðstoð sem fellur undir þessa orðsendingu eða stuðning frá öðrum aðilum.⁷⁶) Aðstoðarhlutfallið skal ekki vera meira en 70% af ógreiddum fastakostnaði nema ef um er að ræða örfyrirtæki eða lítil fyrirtæki (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu)) þar sem aðstoðin skal ekki vera hærri en 90% af ógreiddum fastakostnaði. Að því er varðar þetta atriði er tap fyrirtækja sem sést af rekstrarrekningi þeirra á aðstoðarhæfa tímabilinu (⁷⁷) talið mynda ógreiddan fastakostnað. Aðstoð með slíkri ráðstöfun má veita á grundvelli taps sem er spáð en endanlega upphæð aðstoðarinnar skal ákvarða eftir að tapið er ljóst á grundvelli endurskoðaðra reikninga eða með viðeigandi réttlætingu sem aðildarríki lætur framkvæmdastjórninni í té (til dæmis í tengslum við einkenni eða stærð tiltekinnar tegundar fyrirtækja) á grundvelli skattframtaða. Allar greiðslur umfram endanlega upphæð aðstoðarinnar skal endurheimta.
 - [Heildaraðstoðin sé ekki hærri en EUR 10 m á hvert fyrirtæki. Aðstoðina má veita í formi beinna styrkja, skatta- og greiðsluívilnana eða annarra tegunda á borð við endurgreiðslubærra styrkja, ábyrgða, lánveitinga og eiginfjár, enda sé heildarnafnvirði slíkrar ráðstöfunar til hvers fyrirtækis ekki hærra en EUR 10 m (allar tölur skulu vera brúttó, s.s. fyrir frádrátt skatta og annarra gjalda).]
 - Aðstoðinni samkvæmt þessari ráðstöfun skal ekki safnað upp með annarri aðstoð fyrir sama aðstoðarhæfan kostnað.
 - Ekki skal veita aðstoð til fyrirtækja sem þegar voru í vandræðum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu⁷⁸ þann 31. desember 2019. Sem undanþágu frá ofangreindu má veita örfyrirtækjum og litlum fyrirtækjum (í skilningi viðauka I við reglugerðina um almenna hópundanþágu) sem þegar voru í erfiðleikum þann 31.

⁷⁵ (*) Viðmiðunartímabilið er tímabil á árinu 2019 án tillits til þess hvort aðstoðarhæfa tímabilið sé á árinu 2020 eða 2021.

⁷⁶ Hvað þessa grein varðar merkir kostnaður fastakostnað og breytilegan kostnað: sá fyrri fellur á óháð frálagi en sá síðari fellur á eftir umfangi frálags.

⁷⁷ Stakt virðisrýrnunartap telst ekki með í útreikningi á tapi samkvæmt þessu ákvæði.

⁷⁸ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beiingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtíð. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

desember 2019 aðstoð, að því tilskildu að þau sæti ekki gjaldþrotameðferð samkvæmt landslögum og að þau hafi ekki fengið neyðaraðstoð⁷⁹ eða endurskipulagningarárastoð⁸⁰.]

4. EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAGJÖF

88. [Að frátalinni aðstoð sem er veitt samkvæmt köflum 3.9, 3.10 og 3.11, skulu aðildarríkin birta viðeigandi upplýsingar um hverja einstaka aðstoð umfram EUR 100.000⁸¹ sem veitt er samkvæmt þessari orðsendingu og EUR 10.000⁸² á sviði sjávarútvegs eða fiskeldis, á ríkisaðstoðarvefsíðu eða upplýsingatæknigátt framkvæmdastjórnarinnar⁸³ innan 12 mánaða frá því að aðstoðin var veitt. Aðildarríkin skulu birta viðeigandi upplýsingar⁸⁴ um hverja einstaka endurfjármögnun sem veitt er samkvæmt kafla 3.11 á ríkisaðstoðarvefsíðu eða upplýsingatæknigátt framkvæmdastjórnarinnar innan 3 mánaða frá því endurfjármögnumunin átti sér stað. Nafnvirði endurfjármögnumunarinnar skal fylgja með fyrir hvern aðstoðarþega.]
89. Aðildarríkjum er skyldt að skila árlegum skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar.⁸⁵
90. [Eigi síðar en 31. desember 2021 skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni lista yfir ráðstafanir sem komið var á, á grunni samþykktar kerfa samkvæmt þessari orðsendingu.]
91. Aðildarríki skulu halda ítarlegum gögnum um aðstoð sem veitt er samkvæmt þessari orðsendingu. Slík gögn, sem skulu innihalda allar þær upplýsingar sem þarf til að sýna fram á að nauðsynleg skilyrði hafi verið uppfyllt, skulu varðveitt í 10 ár frá því að aðstoð er veitt og send framkvæmdastjórninni óski hún þess.
92. Framkvæmdastjórninni er heimilt að óska eftir viðbótar upplýsingum varðandi veitta aðstoð í því skyni að staðfesta að skilyrðum samkvæmt ákvörðun hennar um samþykki aðgerðarinnar hafi verið fullnægt.

5. LOKAÁKVÆÐI

93. [Framkvæmdastjórnin beitir þessari orðsendingu frá og með 19. mars 2020, með hliðsjón af efnahagsáhrifum útbreiðslu COVID-19, sem kröfðust aðgerða þegar í stað. Orðsending þessi er komin til vegna hinna afar óvenjulegu yfirstandandi aðstæðna og verður ekki beitt eftir 31. desember 2021. Framkvæmdastjórnin mun endurskoða alla kafla orðsendingarinnar fyrir 31. desember 2021 á grundvelli mikilvægra samkeppnis- eða efnahagssjónarmiða. Þar sem

⁷⁹ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið björgunaraðstoð, hafi þau endurgreitt lánið eða rift ábyrgðinni þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁸⁰ Að öðrum kosti, ef þau hafa fengið aðstoð til endurskipulagningar, ef þau sæta ekki lengur skilyrðum endurskipulagningaráætlunar þegar aðstoð er veitt samkvæmt þessari orðsendingu.

⁸¹ Vísað til upplýsinga sem eru nauðsynlegar í Viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 og í Viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 702/2014. Hvað varðar endurgreiðanlegar fyrirframgreiðslur, ábyrgðir, lán, víkjandi lán og önnur form skal nafnvirði undirliggjandi gernings vera sett inn fyrir hvern aðstoðarþega. Hvað varðar skattaívilnanir og endurgreiðanlegar fyrirframgreiðslur má gefa upp aðstoð til hvers og eins á bilum.

⁸² Vísað til upplýsinga sem eru nauðsynlegar í Viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 702/2014 og í Viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1388/2014 frá 16. desember 2014. Hvað varðar endurgreiðanlegar fyrirframgreiðslur, ábyrgðir, lán, víkjandi lán og önnur form skal nafnvirði undirliggjandi gernings vera sett inn fyrir hvern aðstoðarþega. Hvað varðar skattaívilnanir og endurgreiðanlegar fyrirframgreiðslur má gefa upp aðstoð til hvers og eins á bilum.

⁸³ Opinber leitarvél um ríkisaðstoð veitir aðgang að gögnum um stakar ríkisaðstoðarráðstafanir sem veitt eru af aðildarríkum, í samræmi við evrópskar kröfur um gagnsæi ríkisaðstoðarráðstafana:

<https://webgate.ec.europa.eu/competition/transparency/public?lang=en>.

⁸⁴ Vísað til upplýsinga sem eru nauðsynlegar í Viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 og í Viðauka III í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 702/2014 og í Viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1388/2014 frá 16. desember 2014.

⁸⁵ Stjtíð. ESB L 140 frá 30.4.2004, bls. 1-134.

gagnlegt þykir kann framkvæmdastjórnin einnig að skýra nánar rökin að baki nálgunar sinnar á tilteknum atriðum.]

94. Framkvæmdastjórnin beitir ákvæðum þessarar orðsendingar vegna allra viðeigandi tilkyntra aðgerða frá og með 19. mars 2020 enda þótt aðgerðirnar hafi verið tilkynntar fyrir þann dag.
95. Í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um um ákvörðun á viðeigandi reglum við mat á ólögmætri ríkisaðstoð⁸⁶ beitir framkvæmdastjórnin eftirfarandi í tengslum við aðstoð sem ekki er tilkynnt:
 - a. þessari orðsendingu, hafi aðstoð verið veitt eftir 1. febrúar 2020;
 - b. reglunum sem í gildi voru þegar aðstoð var veitt, í öllum öðrum tilfellum.
96. Framkvæmdastjórnin tryggir, í nánu samstarfi við viðkomandi aðildarríki, að ákvarðanir skuli tekna svo fljótt sem auðið er að fenginni skýrri og fullunninni tilkynningu um ráðstafanir sem orðsending þessi nær til. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórnina vita um fyrirætlanir sínar og tilkynna áætlanir um slíkar ráðstafanir á greinargóðan hátt eins fljót og auðið er. Framkvæmdastjórnin mun veita aðildarríkjum leiðsögn og aðstoð í þessu ferli.

⁸⁶ Stjtíð. ESB L 119 frá 22.5.2002, bls. 22.

VIÐAUKI

Upplýsingar sem þurfa að vera á listanum yfir yfirstandandi kerfi sem heimiluð eru samkvæmt tímabundna rammanum um ríkisaðstoð til stuðnings hagkerfisins vegna yfirstandandi COVID-19-heimsfaraldurs, hvers framlenging á umsóknartímabili, hækjun fjárheimilda og/eða aðrar breytingar sem ætlað er að aðlaga ráðstafanirnar að tímabundna rammanum, eins og honum hefur verið breytt af framkvæmdastjórninni, er tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.

Aðildarríkjum býðst að hópa breytingum sínum saman með þessum lista í hóptilkynningu, eftir því sem við á

Listi yfir yfirstandandi kerfi og fyrirhugaðar breytingar					
Ríkisaðstoðarnúmer samþykkt kerfis ⁸⁷	Heiti	Tilkynnt breyting (mögulega skipt niður í breytingar 1, 2, 3 o.s.frv.)	Viðeigandi grein tímabundna rammans vegna fyrirhugaðra breytinga	Staðfestið að engar frekari breytingar séu á yfirstandandi kerfi	Innlendir lagagrundvöllur breytinganna

⁸⁷ Ef aðstoðarkerfi hefur verið breytt þarf að tilgreina ríkisaðstoðarnúmer hinnar upprunalegu ákvörðunar.